# FRÉTTABLAÐIÐ

55. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. MARS 2018


# Streita og álag hrekur konur af vinnumarkaði

**Konum sem eru frá vinnu vegna veikinda fjölgaði um 1.700 á árinu 2017. Á sama tíma fjölgaði körlum um 900. Umfang starfsemi VIRK hefur aukist verulega. Tveir af þremur sem þangað leita eru konur.**

**VINNUMARKAÐUR** „Fjöldinn fór minnkandi í aðdraganda hrunsins og svo jókst hann í kjölfar hrunsins. Án frekari greiningar hjá okkur er erfitt að draga einhverjar ályktanir en það vakna spurningar um hvort niðurskurður bæði hjá fyrirtækjum og hinu opinbera hafi ekki valdið meira álagi hjá kvennastéttum en karlastéttum og valdi þar af leiðandi meiri streitu og auknum veikindum hjá konum,“ segir Hildur Margrét Jóhannsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ.

Fjöldi kvenna, sem eru utan vinnumarkaðar vegna veikinda eða annarra ástæðna sem gera þær ófærar til vinnu, hefur fjórfaldast frá því á þriðja ársfjórðungi ársins 2010. Þá voru 900 konur tímabundið utan vinnumarkaðar, en á þriðja ársfjórðungi 2017 voru þær 3.800. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu ASÍ um vinnumarkaðinn.

Þar kemur líka fram að frá þriðja ársfjórðungi 2016 til þriðja ársfjórðungs 2017 fjölgaði konum, sem eru veikar eða tímabundið ófærar til vinnu, úr 2.100 í 3.800 og körlum fjölgaði úr 1.300 í 2.200.

Í skýrslunni kemur fram að konur eru 66 prósent þeirra sem sótt hafa þjónustu VIRK en karlar eru 34 prósent. Hlutverk VIRK er að aðstoða fólk sem dottið hefur út af vinnumarkaði í kjölfar veikinda, slysa eða annarra áfalla við að endurheimta getu og hæfni til þátttöku á vinnumarkaði. Umfang starfseminnar hefur aukist mikið á síðustu árum og í fyrra bættust 1.854 einstaklingar á skrá hjá VIRK.

Ellen Calmon, fyrrverandi formaður Öryrkjabandalagsins, er líka með ákveðnar kenningar, sem hún tekur þó fram að séu ekki allar vísindalega sannaðar.

„Lægstu laun á vinnumarkaði eru allt of lág og konur í láglaunastörfum og þá sérstaklega í umönnunarstörfum, svo sem sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, leikskólakennarar og ófaglært starfsfólk á leikskólum, eru með allt of lág laun og það gerir það að verkum að það eru fáir bara í 100 prósent störfum. Fólk er að stunda tvö til þrjú launuð störf til að hafa ofan í sig og á. Það þarf að hækka lægstu laun og húsnæðisverð er allt of hátt.

Þetta gerir það að verkum að fólk með lægstu launin og þá sérstaklega konur eru einfaldlega að vinna frá sér heilsuna,“ segir Ellen. Hún bendir á að flestir þeir sem detta út af vinnumarkaði séu með einhvers konar geðraskanir og svo stoðkerfissjúkdóma. **– jhh**

> **Þetta gerir það að verkum að fólk með lægstu launin og þá sérstaklega konur eru einfaldlega að vinna frá sér heilsuna.**
>
> Ellen Calmon, fyrrverandi formaður Öryrkjabandalagsins





**Þessir þjóðlegu sokkar voru afhentir forseta Íslands í gær þegar Mottumars var ýtt úr vör.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrrverandi ráðherra varði séra Ólaf

**KIRKJUMÁL** Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra, utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, reyndi að hafa áhrif á einn brotaþola séra Ólafs Jóhannssonar meðan málið var til meðferðar hjá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Fimm konur kærðu séra Ólaf til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar á haustmánuðum í fyrra fyrir athæfi sem þær töldu kynferðislega áreitni. Var hann sakaður um að sleikja ákveðna staði á líkama kærenda. Ólafur var sendur í leyfi í sumar og skikkaður í sálfræðimeðferð.

„Ólaf þekki ég þannig að hann tilheyrir ákveðnum klúbbi í Vesturbæjarlauginni sem ég tilheyri líka,“ skrifaði Valgerður til konu sem var í hópi þeirra sem kærðu Ólaf.

„Þetta er mjög skemmtilegur félagsskapur og Ólafur hefur m.a. það hlutverk að sjá um „litlu jólin“ ár hvert sem hann gerir mjög vel. Okkur þykir öllum ákaflega leiðinlegt að þessi staða hafi komið upp en erum að sjálfsögðu ekki að rengja ykkur konurnar,“ skrifaði Valgerður. **– sa** / **sjá síðu 4**

# Kosningu lýkur hjá Eflingu í dag

**KJARAMÁL** Stöðugur straumur fólks var í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík í gær þegar kosning formanns og nýrrar stjórnar í Eflingu stéttarfélagi hófst. Kosning stendur yfir til klukkan 20 í kvöld.

Fréttablaðið kom við á kjörstað í gær. Flestir kjósendur sem blaðið ræddi við ætluðu sér að kjósa breytingar í félaginu. **– aá** / **sjá síðu 6**

## Í dag er Fréttablaðið


**SKOÐUN** Jón Þór Ólason skrifar um sjókvíaeldi og fimbulfamb. 9

**SPORT** Freyr Alexandersson er ánægður með hvernig til tókst á Algarve-mótinu. 10

**LÍFIÐ** Nýtt myndband Rari Boys hefur vakið lukku. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Verk og vit

Velkomin á stórsýninguna Verk og vit

Laugardalshöll 8.–11. mars

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð

SI BYKO

www.verkogvit.is

Veður




Austan og norðaustan 8-15 m/s í dag, en heldur hvassari allra syðst í fyrstu. Dálítil él á Norður- og Austurlandi, annars víða bjartviðri. Frost 0 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 14

# Grunaður um fjölda þjófnaðarbrota

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær að skoða síma manns sem grunaður er um margvísleg brot. Þetta er niðurstaða Landsréttar. Maðurinn hefur frá því í haust ítrekað verið handtekinn fyrir margvísleg þjófnaðarbrot. Ætlað þýfi fyrir milljónir króna hefur fundist á heimili og í fórum mannsins. Þá er hann einnig grunaður um fíkniefnabrot og fjársvik.

Lögreglan vildi skoða síma mannsins enda algengt að menn noti slík tæki til að mynda þýfi áður en því er komið í verð.

Landsréttur fann að því að héraðsdómari málsins hefði frestað réttaráhrifum úrskurðar síns þar til niðurstaða æðra dómstigs lá fyrir. Ekki hafi verið heimild fyrir slíku í lögum um meðferð sakamála. **– jóe**

# Reyndi að máta með tveimur riddurum gegn peði




Stórmótið Reykjavík Open hefst í dag. Teflt er í Hörpu til 14. mars. Um 250 keppendur, þar af 160 erlendir, taka þátt. Meðal þátttakenda er indverska undrabarnið Nihal Sarin sem tefldi í gær við tólf íslenska skákmenn. Vann hann tíu skákir en leyfði tvö jafntefli. Annað þeirra var gegn forseta Skáksambandsins, Gunnari Björnssyni, þar sem Sarin reyndi hið nær ómögulega, að máta með tveimur riddurum gegn peði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Olíuflekkurinn í Sundahöfn 28. febrúar síðastliðinn.** MYND/HARALDUR DIEGO

# Fimmtíu lítrar í sjóinn

**UMHVERFISMÁL** „Það þarf að tilkynna svona atvik strax,“ segir Sigurrós Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, um olíuflekk í Sundahöfn sem Fréttablaðið sagði frá á föstudag.

„Í kjölfar þess sem við sáum framan á Fréttablaðinu höfðum við samband við Faxaflóahafnir af því að þeim ber að tilkynna bæði heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun ef það verður bráðamengun innan hafnarsvæða,“ segir Sigurrós sem fékk svar í gær.

„Þeir rekja þetta til þess þegar verið var að dæla gasolíu í togara,“ segir Sigurrós. Sennilega hafi um 50 lítrar farið í sjóinn. Ekki þurfi mikið til að mynda talsverða brák. Umhverfisáhrifin verði ólíklega mikil. „En maður vill samt tryggja að allir séu vel upplýstir svo hægt sé að taka ákvörðun um hvort eigi að grípa til einhverra sérstakra aðgerða.“

Sigurrós segir að Faxaflóahafnir, sem áður hafi mjög samviskusamlega tilkynnt um slík atvik, viðurkenni að þær hafi átt að láta vita um óhappið. „Svo þetta virðist vera einstakt tilfelli.“ **– gar**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

# Stjakaði við formanni FÍL eftir kjaraviðræður

Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri stjakaði við formanni Félags íslenskra leikara (FÍL) eftir harðar samningaviðræður um kaup og kjör leikara við leikhúsið. Leikhússtjórinn þrætir ekki fyrir atvikið, en segir samskipti sín við formanninn góð.

**MENNING** Birna Hafstein, formaður Félags íslenskra leikara (FÍL), lýsti stirðum samskiptum á milli sín og Ara Matthíassonar, leikhússtjóra Þjóðleikhússins, á fundi með fimmtán til tuttugu félagsmönnum sem í hlut áttu í kjölfar undirritunar nýs kjarasamnings við leikara Þjóðleikhússins í febrúar.

Eftir nokkuð harðar samningaviðræður um kaup og kjör leikaranna hafi samningur loks verið undirritaður. Stirt hafi verið milli Birnu og Ara á meðan á viðræðum stóð. Þegar Birna ætlaði að faðma Ara inni á skrifstofu hans í leikhúsinu, eftir að viðræðum var lokið og samningur í höfn, hafi Þjóðleikhússtjórinn þess í stað stjakað við henni í vitna viðurvist og hún hrasað í kjölfarið. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Ari neitaði því ekki að atvikið hefði átt sér stað, þegar leitað var eftir viðbrögðum hans. „Við Birna tókumst á í þessum samningi, við tókumst í hendur við undirritun samningsins. Þó við höfum ekki faðmast við undirritunina þá höfum við faðmast síðan og ég lít á Birnu sem öflugan og kröftugan formann síns stéttarfélags sem hefur náð mikilli kjarabót fyrir leikara og er þess vegna góður formaður og samskipti mín við hana eru góð og verða vonandi áfram góð, hér eftir sem hingað til,“ útskýrði Ari í samtali við Fréttablaðið, en vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Formleg kvörtun vegna atviksins hefur ekki borist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem fer með málefni Þjóðleikhússins, né Þjóðleikhúsráði, sem fer þó aðallega með rekstrartengd málefni leikhússins. Hins vegar höfðu meðlimir Þjóðleikhúsráðs heyrt af málinu þegar það var borið undir þá og það verið rætt óformlega þeirra á milli. Ekki náðist í Birnu Hafstein við vinnslu fréttarinnar.



**Birna Hafstein, formaður FÍL, ætlaði að faðma leikhússtjórann eftir að kjaraviðræður voru leiddar til lykta, en Ari brást ókvæða við.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Samskipti mín við hana eru góð og verða vonandi áfram góð, hér eftir sem hingað til.**
>
> Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri

Ari, sem hefur mikla reynslu af leikhússtörfum, tók við stöðu framkvæmdastjóra Þjóðleikhússins árið 2010 og starfaði þá við hlið Tinnu Gunnlaugsdóttur, sem gegndi embætti þjóðleikhússtjóra. Hann var síðan skipaður þjóðleikhússtjóri til fimm ára, líkt og venjan er, þann 1. janúar 2015.

**mikael@frettabladid.is**
**olof@frettabladid.is**

# Stóra eplið!

## 10falt net út árið fylgir farsímum hjá Nova








**Beats Solo3 Wireless**

**32.990 kr.** stgr.

**Apple Airpods**

**24.990 kr.** stgr.





**iPhone X** 64 GB

**167.990 kr.** stgr.

256 GB **192.990 kr.** stgr.

**Apple Watch Series 3** 38mm

**59.990 kr.** stgr.

42mm **64.990 kr.** stgr.

**Apple HomePod**

**64.990 kr.** stgr.

**10falt net**: Fylgir í áskrift og með mánaðarlegri áfyllingu í frelsi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Stjórnarliðar hafa náð þriðjungi Austur-Ghouta á sitt vald

**SÝRLAND** Hermenn ríkisstjórnar Bashars al-Assad Sýrlandsforseta og aðrir bandamenn hans hafa tekið rúman þriðjung Austur-Ghouta. Assad-liðar hafa sett gífurlegan þunga í sókn sína undanfarnar vikur og drepið rúmlega 700 í árásum sínum, þar af fjölmörg börn.

Frá þessu greindu eftirlitssamtökin Syrian Observatory for Human Rights í gær. Undanfarna viku hefur verið sótt á jörðu niðri en fyrir það varpaði stjórnarherinn sprengjum úr lofti.

Daglegar pásur hafa verið í átökunum klukkan 9 til 14 undanfarna viku eftir að Rússar gáfu út fyrirskipun þess efnis. Var því fyrirkomulagi komið á þar sem enn bólar ekkert á innleiðingu ályktunar Öryggisráðs SÞ um 30 daga vopnahlé.

Pásunum var komið á til að hægt væri að flytja nauðsynjar til þjáðra og þurfandi íbúa Austur-Ghouta og gera þeim kleift að flýja svæðið. Þótt vika sé liðin af hinum daglegu pásum kom fyrsta bílalest hjálparsamtaka ekki fyrr en í gær. Um var að ræða 46 vöruflutningabíla og fyrstu bílalestina sem kemur inn í Austur-Ghouta frá því um miðjan febrúar.

Heimildarmaður Reuters hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni sagði að stjórnarliðar hefðu stöðvað flutningabílana og hirt um sjötíu prósent farmsins áður en bílalestin fékk að fara inn á svæðið.

Hirtu þeir einkum lyf og skurðlækningatæki og er talið að það sé gert til að koma í veg fyrir að uppreisnarmenn fái læknisaðstoð. **– þea**



**Stjórnarhermenn í Austur-Ghouta.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fá ekki báðar að vera skráðar foreldri

**FRAKKLAND** Frakkland braut ekki gegn réttindum tveggja samkynhneigðra kvenna með því að neita að skrá þær báðar sem foreldra barna þeirra. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).

Konurnar höfðu höfðað mál í heimalandinu árið 2007 og krafist þess að vera báðar skráðar foreldrar barna sinna. Þau höfðu þær eignast með tæknifrjóvgun. Fallist var á það á neðra dómstigi en niðurstöðunni snúið við á æðra stigi.

Parið taldi Frakkland mismuna þeim á grundvelli kynhneigðar þeirra og að framkvæmdin bryti gegn Mannréttindasáttmála Evrópu. MDE komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að dómstóllinn tæki málið fyrir og var því vísað frá. **– jóe**

## Fyrrverandi njósnari þungt haldinn

**BRETLAND** Talið er að eitrað hafi verið fyrir rússneskum manni, Sergei Skripal, og konu á fertugsaldri í Wiltshire í Bretlandi á sunnudaginn. Þau fundust meðvitundarlaus fyrir utan verslunarmiðstöð í borginni án sýnilegra áverka.

Skripal, sem er 66 ára, var árið 2006 dæmdur í þrettán ára fangelsi fyrir að hafa njósnað fyrir Breta í Rússlandi. Árið 2010 fékk hann dvalarleyfi í Bretlandi. Skripal var gefið að sök að hafa komið nöfnum rússneskra njósnara í Evrópu í hendur breskra yfirvalda.

Sergei Skripal og konan liggja nú þungt haldin á sjúkrahúsinu í Salisbury en bresk lögregluyfirvöld hafa boðað umfangsmikla rannsókn á málinu. **– khn**

# Fyrrverandi ráðherra reyndi að hafa áhrif á brotaþola sr. Ólafs

Brotaþoli Ólafs Jóhannssonar, sóknarprests í Grensáskirkju, fékk bréf frá Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi ráðherra og formanni Framsóknarflokks. Vildi hún kanna hvort hægt væri að ljúka málinu með „afsökunarbeiðni og samkomulagi“. Úrskurðarnefnd féllst á að Ólafur hefði gerst sekur um siðferðisbrot í málinu.

**KIRKJUMÁL** Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra, utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, reyndi að hafa áhrif á einn brotaþola séra Ólafs Jóhannssonar meðan málið var til meðferðar hjá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Þolandinn, Guðbjörg Ásdís Ingólfsdóttir, er ein þeirra fimm sem kærðu athafnir Ólafs til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Féllst nefndin á að Ólafur hefði í því máli gerst sekur um siðferðisbrot.

Í málinu var hann sakaður um að hafa farið inn í eldhús á vinnustað Guðbjargar Ásdísar, slefað ofan í hálsmál hennar og haft við hana ósiðleg orð um tilvonandi utanlandsferð sóknarnefndar.

Valgerður hafði samband við Guðbjörgu Ásdísi þar sem þær eru gamlir sveitungar úr Höfðahverfi við utanverðan Eyjafjörð. „Ég tek það algjörlega upp hjá sjálfri mér að hafa samband við þig en það sem er að brjótast um í mér er hvort þessu máli geti lokið með afsökunarbeiðni og samkomulagi eða hvort málið er það alvarlegt að hann verði að víkja,“ skrifaði Valgerður.

Guðbjörg velti fyrir sér hvað vekti fyrir henni og fannst óþægilegt og varð hissa á að fá þetta bréf frá fyrrverandi ráðherra.

„Ólaf þekki ég þannig að hann tilheyrir ákveðnum klúbbi í Vesturbæjarlauginni sem ég tilheyri líka,“ skrifaði Valgerður til brotaþolans. „Þetta er mjög skemmtilegur félagsskapur og Ólafur hefur m.a. það hlutverk að sjá um „litlu jólin“ ár hvert sem hann gerir mjög vel. Okkur þykir öllum ákaflega leiðinlegt að þessi staða hafi komið upp en erum að sjálfsögðu ekki að rengja ykkur konurnar.“



**Valgerður Sverrisdóttir er meðlimur í sama sundklúbbi og séra Ólafur og þekkir hann „að góðu einu“.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið spurði Valgerði hvort hún hefði spurt hvort hægt væri að leysa málið með öðrum hætti. Valgerður neitar því.

„Nei, ég spurði ekki að því,“ sagði Valgerður. „Auðvitað vonaðist maður til þess að þetta væri ekki alvarlegt því ég þekki manninn að góðu einu og það var allt og sumt, það var ekkert meira.“

> **Það sem er að brjótast um í mér er hvort málið er það alvarlegt að hann verði að víkja.**
>
> Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra



Fimm konur kærðu séra Ólaf Jóhannsson til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar á haustmánuðum í fyrra fyrir athæfi sem þær töldu kynferðislega áreitni og vildu að úrskurðarnefnd færi yfir málin. Var hann sakaður um að sleikja kinnar og eyru kærenda og sleikja tær einnar þeirra. Ólafur var sendur í leyfi í sumar og skikkaður í sálfræðimeðferð til að læra að setja sér mörk í samskiptum við hitt kynið. Hann hafði farið í sams konar meðferð í byrjun áratugarins.

**sveinn@frettabladid.is**


5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ

SÉRTILBOÐ Á ATVINNUBÍLUM

FIAT PROFESSIONAL







FIAT DUCATO - MILLILANGUR
Tilboðsverð með aukahlutum frá
3.199.000 kr án vsk. / 3.966.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
5.215.000 kr. m/vsk.

FIAT DOBLÓ
Tilboðsverð með aukahlutum
1.999.000 kr án vsk. / 2.478.760 m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
3.225.000 kr. m/vsk.

FIAT FIORINO
Tilboðsverð með aukahlutum
1.699.000 kr án vsk. / 2.106.760 kr. m/vsk.
Listaverð með aukahlutum frá
2.525.000 kr. m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat Professional - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiatprofessional.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



Fjórhjóladrifinn með sjálfstraustið í genunum.
Nýr T-Roc. Nýjasta stjarnan frá Volkswagen.
Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og prófaðu nýjan T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.
Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI**



**www.bilaland.is**

Rnr. 144788

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 12/14, ekinn 109 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ 7.590 þús. kr.**

Rnr. 370901

VW Golf Highline
Nýskr. 07/14, ekinn 42 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ 2.690 þús. kr.**

Rnr. 331367

SUBARU XV Premium
Nýskr. 10/14, ekinn 36 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ 3.490 þús. kr.**

Rnr. 284827

RENAULT Captur Dynamic
Nýskr. 06/15, ekinn 33 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ 2.490 þús. kr.**

Rnr. 370716

LAND ROVER Discovery Sport HSE
Nýskr. 05/16, ekinn 20 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ 7.690 þús. kr.**

Rnr. 153213

NISSAN Juke Acenta
Nýskr. 01/15, ekinn 25 þ.km, dísil, beinskiptur.
**VERÐ 2.190 þús. kr.**

ENNEMM / SÍA / NM87025

**bílaland**

**Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is







**Formanns- og stjórnarkjör í Eflingu stendur til kl. 20 í kvöld og fer fram í Guðrúnartúni 1, 4. hæð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Segjast vilja breytingar fyrir verkafólk á Íslandi

Jöfn kosningaþátttaka hefur verið í formanns- og stjórnarkjöri í Eflingu sem stendur til kl. 20 í kvöld. Kjósendur sem Fréttablaðið ræddi við vilja breytingar.

**KJARAMÁL** Stöðugur straumur fólks var í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík í gær þegar kosning formanns og nýrrar stjórnar í Eflingu stéttarfélagi hófst. Kosning stendur yfir til klukkan 20 í kvöld.

Magnús M. Norðdahl, formaður kjörstjórnar Eflingar, segir að strax við opnun í gærmorgun hafi verið mikið að gera. „Svo er opið til átta í kvöld og ég á von á að það verði mikið seinnipartinn líka.“ Aðspurður segir Magnús þó engar biðraðir hafa myndast.

Þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem formannskjör fer fram í félaginu. Í framboði til formanns eru Ingvar Vigur Halldórsson, sem leiðir A-lista stjórnar og trúnaðarráðs, og Sólveig Anna Jónsdóttir, sem leiðir mótframboð B-lista.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hefur ekki farið leynt með stuðning sinn við Sólveigu og beri hún sigur úr býtum eru það mikil tíðindi fyrir Alþýðusamband Íslands (ASÍ), enda fara þessi stóru félög með meirihluta í ASÍ. Litlir kærleikar hafa verið með þeim Ragnari Þór og Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ.

Greiðendur í Eflingu á síðasta ári voru rétt undir 25 þúsundum en rúmlega 16 þúsund manns eru á kjörskrá og að sögn Magnúsar er nokkuð um að menn hafi þurft að kæra sig inn á kjörskrá frá því að kosning hófst. Helst er um þá að ræða sem greiða í félagið en hafa ekki sótt um fulla aðild.

Þegar fréttamann og ljósmyndara bar að garði upp úr hádegi í gær var stöðugur straumur af fólki inn og út af kjörstað. Allir sem rætt var við sögðust hafa fylgst með kosningabaráttunni og að stjórnarkjörið væri töluvert rætt á vinnustöðum þeirra. Við spurðum hvers félagsmenn væntu af nýrri stjórn.

**adalheidur@frettabladid.is**

## Væntingar félagsmanna sem Fréttablaðið hitti á kjörstað

**Ég vil breytingar. Það þarf að koma einhverjum að sem hugsar fyrir fólkið, ekki þetta sama gamla helvítis brask og kjaftæði sem er alltaf í gangi, Range Roverar fyrir þá sem stjórna og ekkert fyrir hina.**

Sigurður Elíasson



**Ég vona að það verði breytingar. Ég vildi slíta kjarasamningunum og fara í verkfall.**

Ásta Waage



**Ég hef þær væntingar að þeir sem taka við sinni öllu fólkinu í félaginu og ólíkum hópum innan félagsins.**

Katerina Blahutova



**Ég vil fá breytingar, ég nenni þessu ekki lengur, ég bjó í Noregi í nokkur ár og þetta er allt annað líf þar. Ég fylgi Sólveigu.**

Brynhildur Káradóttir

**Ég hef fylgst vel með kosningabaráttunni og ætla að kjósa breytingar.**

Rytis Barkauskas



**Brynhildur Káradóttir og Rytis Barkauskas.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# IÐNÞING 2018

## ÍSLAND Í FREMSTU RÖÐ
## EFLUM SAMKEPPNISHÆFNINA

**Silfurberg í Hörpu fimmtudaginn 8. mars kl. 13.30–17.00**
Samkeppnishæfni ríkja breytist stöðugt og því er stefnumótun mikilvægasta verkefni stjórnvalda hverju sinni. Með skýrri sýn og eftirfylgni má vinna að raunverulegum umbótum í samfélaginu og efla samkeppnishæfni Íslands. Þannig er lagður grunnur að auknum lífsgæðum landsmanna.



**Ávarp formanns SI**
- Guðrún Hafsteinsdóttir

**Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

**Virkjum tækifærin**
- Gestur Pétursson, forstjóri Elkem á Íslandi
- Sesselja Vilhjálmsdóttir, stofnandi og forstjóri Tagplay
- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

**Fjárfesting í dag er hagvöxtur á morgun**
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
- Ólöf Helgadóttir, rafmagnsverkfræðingur hjá Lotu
- Sigurður R. Ragnarsson, forstjóri ÍAV

**Menntakerfið er ekki eyland**
- Finnur Oddsson, forstjóri Origo
- Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
- Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi

**Leitin að stöðugleika**
- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar
- Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
- Eva Hlín Dereksdóttir, framkvæmdastjóri Raftákns

**Áræðni, ný hugsun og djörf framtíðarsýn**
- Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

**Stjórnendur umræðu**
- Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur SI
- Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI

**Skráning á si.is**

SI Samtök iðnaðarins

## Nú er lag



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Eftir hartnær hundrað ár af samfelldum framförum í heilbrigðisvísindum hefur okkur tekist að útrýma skelfilegum sjúkdómum og bæta lífsgæði okkar til muna. Í þessu samhengi er það sláandi hversu litlar framfarir hafa orðið í baráttunni við krabbamein. Þó svo að mikið hafi áunnist í meðhöndlun krabbameina þá erum við álíka vel upplýst um hvernig megi koma í veg fyrir krabbamein og vísindamenn voru við upphaf 20. aldarinnar.

Krabbamein er ekki nýr sjúkdómur. Hann er ævaforn og birtingarmyndir hans ótal margar. Ein slík birtingarmynd er krabbamein í blöðruhálskirtli. Að meðaltali greinast 214 karlar á Íslandi með krabbameinið á ári og á árunum 2012 til 2016 dró sjúkdómurinn 56 karlmenn að meðaltali til dauða á ári. Þetta er langsamlega algengasta krabbameinið hjá íslenskum körlum.

Krabbameinsfélagið beinir í marsmánuði sjónum sínum að krabbameini í blöðruhálskirtli, þar sem félagið kallar um leið eftir nauðsynlegum stuðningi almennings og fyrirtækja og hvetur karla til að kynna sér þennan lúmska og oft lífshættulega sjúkdóm. Árvekni almennings er mikilvæg. Heilsusamlegt líferni hans sömuleiðis. En ekkert getur komið í veg fyrir sjúkdóminn, enda er hann í grunninn háður sömu lögmálum þróunarinnar og hjálpuðu okkur að sigrast á eigin veikleikum og áskorunum.

Krafan um lækningu við krabbameini er eðlileg og sanngjörn. Enn brýnni er krafan um að sú þekking sem er til staðar sé nýtt til góðs. Tíunda hvert krabbamein má rekja til erfða og það hlutfall er sömuleiðis hátt þegar blöðruhálskirtilskrabbamein er annars vegar. Eins og áður hefur verið fjallað um á síðum Fréttablaðsins eru Íslendingar í einstakri stöðu til að gerast brautryðjendur í notkun erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu. Í tilfelli krabbameins í blöðruhálskirtli er vitað að tvær tegundir landnemastökkbreytinga auka líkur á meininu, þetta eru stökkbreytingar í BRCA2 og breytingar sem kenndar hafa verið við Lynch-heilkenni (MLH1, MSH2 og MSH56) en vísbendingar eru um að heilkennið sé hvergi algengara en hér.

Þó svo að stóran hluta krabbameina í blöðruhálskirtli megi ekki rekja til erfða er ljóst að á Íslandi er stór hópur karla með auknar líkur á að fá sjúkdóminn, einfaldlega út frá genum sínum. Þennan hóp þarf að halda utan um, jafnvel koma til bjargar, og boða í reglubundna skimun fyrir hækkuðu gildi mótefnavaka úr blöðruhálskirtli. Nú þegar eru í gangi umfangsmiklar rannsóknir sem rýna í hvernig hægt er að framkvæma skilvirkari skimanir á þeim sem bera þessar stökkbreytingar.

Við höfum daðrað við að nota þessar upplýsingar í almennri heilbrigðisþjónustu og þá sem einstaklingsmiðaðar forvarnir. Starfshópur var skipaður til að móta stefnu á þessu sviði. Þetta var í desember árið 2016 og átti niðurstaða að liggja fyrir 1. nóvember árið 2017. Enn hefur ekkert heyrst frá starfshópnum.

**Í tilfelli krabbameins í blöðruhálskirtli er vitað að tvær tegundir landnemastökkbreytinga auka líkur á meininu, þetta eru stökkbreytingar í BRCA2 og breytingar sem kenndar hafa verið við Lynch-heilkenni.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Grafarró raskað**

**Reykjavíkurskákmótið hefst í dag og er að þessu sinni tileinkað skákgoðsögninni Bobby Fischer. GAMMA er helsti bakhjarl mótsins og samkvæmt auglýsingu tryggir fyrirtækið mótinu veglega umgjörð sem „hæfir meisturum“. Væri Fischer ofan moldar hefði hann líklega afþakkað þennan heiður. Síðustu árum ævi sinnar eyddi hann á Íslandi reiður og bitur og hafði fyrir margt löngu snúið baki við skákinni enda eytt meiri orku í seinni tíð í að tala fyrir eigin skákafbrigði, Fischerandom. Sjálfsagt væri meistarinn rólegri í gröf sinni hefði GAMMA splæst í Fischerandom-mót.**

**VG fara ekki vill vegar**

**Jóhanna Sigurðardóttir og Logi Einarsson báðu bæði Vinstri grænum griða á landsfundi flokksins. Þeirra fólk ætti að beina spjótum sínum að Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki. Guðmundur Ólafsson hagfræðingur reynir að endurstilla pólitískan kompás Loga og Jóhönnu á Facebook: „VG villtist ekki af leið, þeir hafa aldrei verið á annarri leið en að tryggja gamla flokkseigendafélagi Alþýðubandalagsins og afkomendum þess framhaldslíf með þjóðrembu og sjúklegri umhverfisvernd, með óbreyttu gjafakvótakerfi, óbreyttri stjórnarskrá. Gjörsamlega sama um spillingu auðmanna og ömurleg kjör almennings.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Viljum við byggja 9 milljarða minnismerki um bankahrunið?



Björn B. Björnsson
áhugamaður um aðhald í opinberum rekstri

Landsbanki Íslands er hlutafélag í eigu almennings og ber að hafa hagsmuni eigenda sinna í fyrirrúmi. Núverandi stjórnendur bankans hafa því miður misst sjónar á þessari staðreynd við ákvörðun um framtíðarhúsnæði bankans.

1. Það þjónar ekki hagsmunum almennings að reisa gríðarstóra bankabyggingu á lóðinni við hlið Hörpu. Fyrirhuguð bygging er ferhyrndur steinkassi sem mun skyggja á Hörpu og þrengja að Arnarhóli. Ekki skal efast um þörf fyrir nýjar höfuðstöðvar, en stjórnendur bankans segja sjálfir að nokkrar aðrar lóðir komi til greina. Best færi á að þessi lóð væri lögð undir torg eða almenningsgarð, en ef við viljum byggja þarna hljóta hús fyrir Náttúruminjasafnið, Listaháskólann eða Stjórnarráðið að vera mun framar í röðinni en banki, út frá hagsmunum almennings.

2. Það þjónar ekki hagsmunum almennings að Landsbankinn byggi miklu stærra hús en hann hefur þörf fyrir. Bankastjórinn segir að störfum í bankanum muni fækka mjög í framtíðinni en sú framtíðarsýn er með öllu gleymd þegar kemur að hönnun á aðalstöðvum bankans upp á 10 þúsund fermetra. Til viðbótar ætlar bankinn að stækka húsið um 6.500 fermetra til að selja eða leigja – í samkeppni við viðskiptavini sína.

3. Það þjónar ekki hagsmunum almennings að banki í okkar eigu eyði 9 milljörðum í þessa of stóru og of dýru byggingu. Reikna má með að sá hluti húsnæðisins sem bankinn ætlar ekki að nota kosti um 3 milljarða. Ég fullyrði að eigendur bankans vilji frekar nota þá peninga í vegi og spítala en verslanir og veitingahús í miðborg Reykjavíkur.

4. Það þjónar ekki hagsmunum almennings að halda upp á 10 ára afmæli bankahrunsins með því að nota milljarða af almannafé í uppblásna bankabyggingu í miðborginni. Úr því að stjórnendur bankans eru svona úr takti við tímann verðum við að ætlast til þess að fjármálaráðherra – sem fer með hlutabréf bankans í umboði almennings – stoppi þessa vitleysu.

**Það þjónar ekki hagsmunum almennings að banki í okkar eigu eyði 9 milljörðum í þessa of stóru og of dýru byggingu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Af fimbulfambi, slysasleppingum og íslensku sauðkindinni



Jón Þór Ólason
formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur og lögmaður

Einar K. Guðfinnsson, formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva, fer mikinn í grein í Fréttablaðinu þann 28. febrúar sl., vopnaður lýsingarorðum og tilvísunum er rekja má til fallins forseta Bandaríkjanna og Hávamála. Er ljóst að formaðurinn er með böggum hildar sökum þess að ritstjóra Fréttablaðsins varð það á að skrifa leiðara um slysasleppingar úr laxeldi og vekja athygli á þeirri staðreynd að gríðarleg áhætta er til staðar fyrir íslenska laxastofninn og íslenska náttúru.

Glæpur ritstjórans virðist vera sá að málflutningurinn fellur ekki að þeirri ímynd sem formaðurinn hefur leitast við að draga upp af laxeldi í sjókvíum. Sú aðferðafræði er Einar beitir í þeirri rökræðu er alþekkt, þ.e. að draga fram strax í upphafi einhverja ranga fullyrðingu hjá ritstjóranum, sem í þessu tilviki var sú að Einar var titlaður framkvæmdarstjóri í greininni en ekki formaður stjórnar, og fullyrða svo í framhaldinu að slík ónákvæmni sé einkennandi fyrir málatilbúnað ritstjórans og því sé ekki á honum byggjandi. Leiðarinn í heild sinni var langt frá því að vera eitthvert fimbulfamb.

**Náttúran njóti vafans**

Einar er mjög ósáttur við samlíkingu ritstjórans á laxeldi og innflutningi á norskum kindum, sem honum finnst raunar svo fráleit að hann spyrðir við tvö upphrópunarmerki. Ég virðist hins vegar tilheyra sama málfundafélagi og ritstjórinn því mér finnst hún eiga fullkomlega við, því barátta okkar snýr að því að vernda íslenska náttúru og þar á meðal hinn einstaka íslenska laxastofn sem synt hefur á móti straumi til hrygningar í íslenskum vatnsföllum í 10.000 ár. Ég vil láta náttúruna njóta vafans og vernda genamengi villta laxins.

Það er fullljóst með hliðsjón af reynslu annarra þjóða hér um, að innflutningur á erlendum frjóum fiski til laxeldis mun leiða til erfðablöndunar auk þess sem laxeldi fylgja ýmsir sjúkdómar sem óþekktir eru í íslenska laxinum. Til samanburðar liggur fyrir að það voru gerðar tilraunir með innflutning á sauðfé frá Evrópu sem höfðu skelfilegar afleiðingar fyrir íslenska sauðfjárstofninn enda báru hinir erlendu sauðfjárstofnar með sér ýmsa sjúkdóma sem áður voru óþekktir hér á landi, svo sem fjárkláða, mæðiveiki, riðu, garnaveiki o.fl. Þessi samlíking með sauðkindina er því nú ekki fráleitari en svo að þarna má einmitt finna mikil líkindi.

Því virðist oft vera haldið fram að laxeldi sé ný atvinnugrein á Íslandi en svo er nú svo sannarlega ekki eins og ég komst raunar að þegar ég nam gjaldþrotaskiptarétt við lagadeild Háskóla Íslands. Saga laxeldis hefur verið saga væntinga og vonbrigða. Raunar ætti saga laxeldis við strendur Íslands að vera stjórnvöldum og öllum öðrum er láta sig mál þessi varða viðvörun um þá miklu áhættu sem þessari atvinnugrein er búin. Nú hafa hins vegar væntingarnar um gróðavon náð nýjum hæðum og laxeldismenn fullyrða að nú sé öldin önnur og allur búnaður uppfylli ströngustu kröfur.

Hið ætlaða fimbulfamb ritstjórans má m.a. rekja til þess tjóns er varð á tveimur eldiskvíum Arnarlax í Arnarfirði og Tálknafirði. Virðist óumdeilt að um 194 þúsund laxar voru í eldiskvínni í Tálknafirði og af þeim hafi drepist um

> **Það að halda því fram að sjókvíaeldi á laxi sé unnt að stunda í góðri sátt við náttúruna er fimbulfamb.**

53 þúsund laxar eða samtals um 160 tonn af laxi. Til að setja þetta í samhengi við hinn villta íslenska laxastofn, þá er hrygningarstofninn talinn vera á bilinu 33-50.000 laxar og ef miðað er við algengt veiðihlutfall, sem er um 60%, þá ganga rúmlega 80 þúsund villtir laxar í íslenskar ár á hverju sumri. Er það nema von að menn fari upp á afturlappirnar.

**Slysasleppingar óhjákvæmilegar**

Það er sama hvort litið er til Noregs, Skotlands, Kanada eða Chile, reynslan sýnir að slysasleppingar eru óhjákvæmilegar í öllu opnu sjókvíaeldi, sama hvað viljinn er góður. Tilvísun Einars í greininni, um að slysasleppingum í Noregi hafi fækkað verulega, er hjákátleg í ljósi þess að bara í febrúarmánuði var greint frá því í fréttum að langstærsta laxeldisfyrirtæki Noregs, Marine Harvest, hefði lent í hremmingum vegna slysasleppinga. Þannig hefðu 54 þúsund laxar sloppið úr kví í Þrændalögum auk þess sem uppgötvast hefði stórt gat á nót í eldiskví fyrirtækisins í Austvika í Flatanger en í nótinni hefðu verið 138 þúsund laxar. Ekki lá þó fyrir hve margir laxar hefðu sloppið þar. Vænti ég þess að þær kvíar sem eru í notkun hjá Marine Harvest séu síst verri búnaður en notaður er hérlendis.

Það að halda því fram að sjókvíaeldi á laxi sé unnt að stunda í góðri sátt við náttúruna er fimbulfamb.

# Hvað er að í skólastarfinu?



Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ, formaður bæjarráðs og fræðsluráðs

Árangur nemenda í grunnskólum landsins og gæði skólastarfs koma reglulega til umræðu, ekki síst þegar niðurstöður í alþjóðlegum samanburði valda okkur vonbrigðum. Enn og aftur er spurt: „Hvað er að í skólakerfinu?“ Eðlilegt og sjálfsagt er að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að gera betur enda á skólastarf að vera í sífelldri þróun.

Í Hafnarfirði var árangur hafnfirskra nemenda tekinn til skoðunar í upphafi kjörtímabilsins. Fenginn var utanaðkomandi aðili til að greina stöðuna og leggja fram tillögur til úrbóta. Metnaðarfullt læsisverkefni var nýhafið og ákveðið var að bæta stærðfræði við verkefnið. Þetta hefur þegar skilað góðum árangri.

Fljótlega skein þó í gegn hvert aðalviðfangsefnið var eins og umræðan í landinu undanfarin misseri hefur einnig staðfest. Álag á kennara er oft óbærilegt og að „skóli án aðgreiningar“ er því miður ekki að virka sem skyldi.

**Ný nálgun í þverfaglegu samstarfi**

Fyrir nokkru hóf fræðslusvið Hafnarfjarðar ítarlega vinnu með kennurum og skólastjórnendum annars vegar og á milli fagsviða bæjarins hins vegar. Markmiðið var að leita leiða til að bæta aðstæður í innra starfi skóla, styðja við kennara og minnka álag. Einnig að koma á þverfaglegu samstarfi félags- og fræðsluþjónustu með það í huga að koma fyrr að málefnum barna sem takast á við fjölbreyttan vanda, hvort sem hann er félagslegur, heilbrigðistengdur eða námslegur, áður en vandinn er jafnvel orðinn illviðráðanlegur.

Brýnast væri að tryggja að þjónusta við alla nemendur verði

> **Stuðning sálfræðinga og kennsluráðgjafa í skólunum er verið að auka, markvisst samstarf fagaðila á milli sviða að hefjast og stutt er við kennara með fjárframlagi til þróunarstarfs og forystuhlutverka.**

fullnægjandi til að allir geti náð námsárangri í samræmi við eigin getu í skóla án aðgreiningar. Þess vegna þyrfti að koma enn betur að stuðningi við börn með sérþarfir og minnka þannig truflun í kennslustundum.

Helstu hugmyndum úr þessari vinnu er verið að hrinda í framkvæmd. Stuðning sálfræðinga og kennsluráðgjafa í skólunum er verið að auka, markvisst samstarf fagaðila á milli sviða að hefjast og stutt er við kennara með fjárframlagi til þróunarstarfs og forystuhlutverka eins og C-hluti kjarasamnings gefur heimild til en fá sveitarfélög hafa nýtt.

**Aðbúnaður bættur og viðhald aukið**

Með ofangreindu eru fræðsluyfirvöld í Hafnarfirði að sýna mikið frumkvæði og vilja til nýbreytni í skólastarfi. En þó fyrst og fremst umhyggju fyrir börnunum okkar og bættu starfsumhverfi kennara. Auk þessara breytinga á áherslum innra starfs hefur aðbúnaður nemenda og starfsfólks verið bættur til muna. Tölvu- og tæknibúnaður hefur allur verið endurnýjaður, spjaldtölvum bætt inn í skólastarf og áhersla verið lögð á viðhald búnaðar og húsnæðis eftir uppsafnaða þörf. Á þessu ári verður bætt verulega í í þeim efnum. En áherslan sem heilsubærinn Hafnarfjörður setti fram í aðgerðaáætlun nýlegrar heilsustefnu, er fyrst og fremst á andlega líðan barna í samstarfi skóla og heimila. Að stuðla að vellíðan barnanna okkar er það besta sem við gefum börnunum til að þau geti tekist á við viðfangsefni lífsins.





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Náðu að æfa það sem æfa átti

Íslenska landsliðið lauk leik í riðlakeppni Algarve-mótsins í þriðja sæti. Markalaust jafntefli gegn einu besta sóknarliði heims varð niðurstaðan í gær. Landsliðsþjálfarinn verður fjarri góðu gamni í síðasta leik liðsins.



Mynd sem er lýsandi fyrir leikinn en íslensku stelpurnar börðust um hvern einasta bolta. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Ísland og Evrópumeistarar Hollands skildu markalaus í lokaleik riðlakeppni Algarve-mótsins í Portúgal í gær. Landsliðsþjálfarinn segir að það megi taka margt jákvætt úr mótinu.

Fyrir leik voru Hollendingar taldir sigurstranglegra liðið en liðið varð Evrópumeistari á heimavelli síðasta sumar. Þær appelsínugulu pressuðu þungt á íslensku vörnina og reyndu hvað þær gátu til að skora. Að stærstum hluta mistókst þeim að skapa sér hættuleg færi. Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Íslands, þurfti einu sinni að taka á honum stóra sínum í fyrri hálfleik og þegar tuttugu mínútur lifðu leiks áttu Hollendingar skot í stöng. Að öðru leyti hélt íslenska vörnin vel og stóðst áhlaup meistaranna.

Besta færi Íslands átti Agla María Albertsdóttir þegar hún komst í gegn eftir um korters leik en markvörður Hollendinga varði vel frá henni.

„Þetta var góð frammistaða og við náðum að æfa okkur vel í því sem við ætluðum að æfa okkur í. Við vorum að spila gegn Evrópumeisturunum og okkur tókst að halda þeim frá markinu og halda hreinu. Svo þetta voru góð úrslit," segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari.

Íslenska liðið endaði í þriðja sæti C-riðils mótsins með tvö stig eftir tvö markalaus jafntefli gegn liðunum tveimur sem léku til úrslita á EM í fyrra. Á föstudag tapaði liðið hins vegar 2-1 gegn Japan. Danir enduðu neðstir í riðlinum með eitt stig, Japan var í öðru sæti með sex og Hollendingar efstir með sjö stig. Hollenska liðið hafði skorað níu mörk í fyrri leikjunum tveimur.

„Vörnin er klárlega hið jákvæða og besta við mótið. Við fengum síðan okkar tækifæri til að skora en nýttum þau ekki. Heilt yfir eru þetta samt mjög öflug úrslit," segir Freyr. Hann bætir því við að bæði í leikjum og á æfingasvæðinu hafi mikil og góð vinna verið unnin sem hópurinn taki helling með sér úr.

Hin nítján ára Selma Sól Magnúsdóttir var í byrjunarliðinu annan leikinn í röð. Hún fékk það erfiða verkefni að hafa hemil á Lieke Martens en sú hollenska var útnefnd besti leikmaður heims í októbermánuði síðastliðnum. Fyrir mótið hafði Selma leikið einn A-landsleik.

„Selma var frábær í dag og allt mótið. Með dyggri aðstoð miðvarða og annarra leikmanna hélt hún vel aftur af henni," segir Freyr. Mótið hafi nýst gífurlega vel til að móta óreyndari leikmenn. „Það hefur gengið hægt og rólega en þó undir talsverðri pressu."

Lokaleikur Íslands á mótinu er næstkomandi miðvikudag. Niðurstöður úr öðrum riðlum mótsins þýða að Ísland mun mæta Dönmörku öðru sinni á mótinu en liðin munu leika um 9. sæti mótsins.

Landsliðsþjálfarinn verður ekki á hliðarlínunni í þeim leik þar sem hann er á leið á UEFA Pro þjálfaranámskeið. Það fer auðvitað fram í Danmörku.

„Mínir dyggu aðstoðarmenn munu halda uppi aga fram að leik og stýra liðinu í leiknum. Þetta eru miklir atvinnumenn, bæði leikmenn og starfsfólk," segir Freyr að lokum. **joli@frettabladid.is**

> **Vörnin er klárlega hið jákvæða og besta við mótið.**
>
> Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari



### Vináttulandsleikur

**Ísland 0-0 Holland**

**Byrjunarlið Íslands (3-5-2)**
Guðbjörg Gunnarsdóttir; Glódís Perla Viggósdóttir, Sif Atladóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir; Selma Sól Magnúsdóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir, Hallbera Gísladóttir, Agla María Albertsdóttir (Anna Björk Kristjánsdóttir '77); Fanndís Friðriksdóttir (Hlín Eiríksdóttir '45), Rakel Hönnudóttir (Sandra María Jessen '88)



Arnór Atlason hefur leikið sinn síðasta landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Leggur skóna á hilluna í vor

**HANDBOLTI** Arnór Atlason leikur sína síðustu leiki á handboltaferlinum í vor. Að tímabilinu loknu tekur hann við starfi aðstoðarþjálfara hjá Aalborg. Stefan Madsen verður aðalþjálfari í stað Arons Kristjánssonar sem er á heimleið.

„Það eru 2-3 vikur síðan ég frétti þetta með Aron. Á þeim fundi spurði formaðurinn mig hvort ég hefði áhuga á þessu starfi. Svo hugsaði ég mig um og fann að ég var ótrúlega tilbúinn; að leggja skóna á hilluna og prófa þetta," segir Arnór í samtali við Fréttablaðið.

En var stefnan alltaf sett á þjálfun?

„Ég hef haft það á bak við eyrað en aldrei þorað að segja það upphátt. Ég er ánægður hvað mér finnst þetta vera rétt ákvörðun."

Arnór bíður spenntur eftir því að byrja í nýja starfinu og vinna með áðurnefndum Stefan Madsen.

„Hann hefur verið aðstoðarþjálfari hérna bæði árin og er auk þess þjálfari U-21 árs landsliðs Dana. Hann er ótrúlega flottur þjálfari sem ég er ánægður með að fá tækifæri til að starfa með. Ég veit að hann á eftir að kenna mér rosalega mikið," segir Arnór sem gerir ráð fyrir því að vera mikið með puttana í sóknarleik Aalborg fyrst um sinn.

Arnór ætlar að njóta síðustu mánaðanna sem leikmaður og vonast til að geta hjálpað Aalborg að verja danska meistaratitilinn sem liðið vann í fyrra. „Það eru þrír mánuðir eftir og ég vona að ég geti kvatt á góðu nótunum," segir Arnór. **– iþs**


Veldu Panodil sem hentar þér!

Verkjastillandi og hitalækkandi




**Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur.** Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil



# EKKI BARA GÆÐI

## VINNUBUXUR
### STRETCH

Vinnubuxur með teygjubótum á vandlega völdum stöðum og beygðum hnjám sem tryggja hámarksshreyfanleika og þægindi.



**10.900 m/vsk**
Fullt verð 13.900

### SMÍÐA-VESTI



**12.900 m/vsk**
Fullt verð 15.900

### REGN-SETT



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 14.816

### VINNUVETTLINGAR



**390 m/vsk**
Fullt verð 682

### ÖRYGGIS-SKÓR



**14.900 m/vsk**
Fullt verð 18.900

### SMÍÐA-BUXUR



**8.910 m/vsk**
Fullt verð 9.900

### KULDA-GALLI



**19.900 m/vsk**
Fullt verð 24.900

### PRJÓNA-PEYSA



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 14.595

### JAKKI



**14.900 m/vsk**
Fullt verð 19.900

## SANDALAR
### ECCO

Virkilega þægilegir sandalar úr leðri sem þú getur stillt á þremur stöðum, yfir tánna, um ökklann og aftan við hælinn.



**10.900 m/vsk**
Fullt verð 13.900


www.sindri.is I sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi


SINDRI VINNUFÖT



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hrafn Þórhallsson**
Víkurbakka 18,

lést á heimili sínu þann 17. febrúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jóna Guðlaugsdóttir**
**Þórhallur I. Hrafnsson** **Heba Bogadóttir**
**María G. Hrafnsdóttir**
**Hrafnhildur J. Hrafnsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Á. Guðmundsson**
Dvalarheimilinu Höfða, áður Grundartúni 8, Akranesi,

lést þann 24. febrúar sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 8. mars, kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða.

**Sigríður H. Magnúsdóttir** **Jón Magni Ólafsson**
**Skúli Magnússon** **Sigríður O. Jónsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Soffíu Sigurjónsdóttur**
Leirubakka 18, Reykjavík.

**Hafdís Bára Eiðsdóttir** **Jakob Friðþórsson**
**Kolbrún Ólafsdóttir**
**Ottó Eiður Eiðsson** **Birna Theódórsdóttir**
**Björg Eiðsdóttir** **Sturla Birgisson**
**Sigurjón Eiðsson** **Jóhanna Magnúsdóttir**
**Bjarni Eiðsson** **Ragnhildur Árnadóttir**
**Auður Eiðsdóttir**
**Jón Helgi Eiðsson** **Björg Guðmundsdóttir**
**Kristinn Eiðsson** **Þórunn Haraldsdóttir**
**ömmubörnin.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

**Alda Markúsdóttir**

lést laugardaginn 3. mars á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

**Margrét Eggertsdóttir**
**Guðbjörn Sigurmundsson**
**Hildur Guðbjörnsdóttir**
**Árni Guðbjörnsson og**
**Alda Kristín Guðbjörnsdóttir**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Blöndal**
Efstaleiti 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 28. febrúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. mars kl. 11.00.

**Kjartan Blöndal**
**Svanhildur Blöndal** **Júlíus Vífill Ingvarsson**
**Ragnar Halldór Blöndal** **Ari Blöndal Eggertsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Þór Karlsson**
skipstjóri, Breiðuvík 16,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 9. mars klukkan 13.00.

**Helga Ólafsdóttir**
**Karl Þorvaldur Jónsson**
**Lilja Jónsdóttir**
**Þórdís María Jónsdóttir**
**Ólafur Páll Jónsson** **Birna Sigurðardóttir**
**Ágúst Sturla Jónsson** **Oddný Hróbjartsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Vilmundardóttir**
Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum,

lést föstudaginn 2. mars.

**Marta Bergþórsdóttir** **Ásgeir Sverrisson**
**Böðvar Vignir Bergþórsson** **Bryndís Guðjónsdóttir**
**Ólafía Bergþórsdóttir**
**Vildís Bergþórsdóttir** **Birgir Tómas Arnar**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Vilborg Jóhannesdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli við Kleppsveg þann 27. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram miðvikudaginn 7. mars klukkan 13 í Áskirkju.

**Steingrímur Benediktsson** **Jóhanna Magnúsdóttir**
**Helga Benediktsdóttir** **Henning Petersen**
**Margrét Benediktsdóttir** **Guðni Finnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir mín, tengdamóðir og langamma,

**María Hildur Guðmundsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 24. febrúar 2018. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 8. mars kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á LAUF – Félag flogaveikra eða Alzheimersamtökin.

**Rannveig Sigurgeirsdóttir** **Sverrir Jónsson**
**Erla Jóna Sverrisdóttir**
**Aron Logi Andrason, Skarphéðinn Elí Andrason**

---



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Snorrason**
Gnoðarvogi 76, 104 Reykjavík,

lést miðvikudaginn 28. febrúar sl. Jarðarför auglýst síðar.

**Aðstandendur hins látna**

---



Okkar ástkæri

**Böðvar Pálsson**
Búrfelli, Grímsnesi,

lést laugardaginn 3. mars. Útförin fer fram í Skálholtsdómkirkju laugardaginn 10. mars kl. 14.

**Lísa Thomsen**
**Sigurður Böðvarsson** **Guðrún Bragadóttir**
**Laufey Böðvarsdóttir**
**Bryndís Ásta Böðvarsdóttir** **Pétur Ingi Haraldsson**
**Anna Ýr Böðvarsdóttir** **Sigurður Benediktsson**
**Lára Böðvarsdóttir** **Sturla Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

**Valborgar Soffíu Böðvarsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Magnús Júlíus Jósefsson**
**Böðvar Magnússon**
**Jósef Rúnar Magnússon**
**Ragnar Sveinn Magnússon** **Marjorie Nivin Mota Arce**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar kæri bróðir, mágur og frændi,

**Jón Steinar Traustason**
frá Vestmannaeyjum,

lést á hjúkrunarheimilinu Árskógum Reykjavík, laugardaginn 24. febrúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ágústa Traustadóttir** **Guðmundur B. Sigurgeirsson**
**Brynja Traustadóttir** **Sigurðar Hafsteinsson**
**Óli Ísfeld Traustason** **Bonny Harvey**
**Steinunn Traustadóttir**
**Ásta Traustadóttir** **Sigurður Stefánsson**
**og systkinabörnin.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hörn Sigurðardóttir**

lést að morgni sunnudagsins 4. mars á hjúkrunarheimilinu Mörk við Suðurlandsbraut.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnar A. Finnsson** **Jóhanna Ragnarsdóttir**
**Sigurður Kr. Finnsson**
**Stefán Agnar Finnsson** **Ingibjörg M. Pálsdóttir**
**Guðmundur Eggert Finnsson** **Guðrún Þorvaldsdóttir**

---



Móðir okkar,

**Ragnheiður Ester Guðmundsdóttir**
Þrömm, Laugarvatni,

er látin. Útför verður frá Skálholtskirkju laugardaginn 17. mars nk. kl. 14.00.

**Börnin**

Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 6. MARS 2018



# Kyrrsetan er vágestur

Íþróttafræðingurinn Halldóra Björnsdóttir hefur stýrt morgunleikfimi á gömlu gufunni í 30 ár. Hún byrjar daginn á hafragraut og hjólreiðum upp löngu brekkuna í Efra-Breiðholt. ➔2

Halldóru er annt um morgunleikfimina sem hún hefur haft umsjón með í 30 ár og segir gefandi að vita til þess að hún gagnist svo mörgum. MYND/STEFÁN

ENZYMEDICA®
Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum







Halldóra er með íþróttir fatlaðra að sérsviði. Hún kenndi lengi við Öskjuhlíðarskóla en kennir nú á starfsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti ásamt því að kenna nemendum skólans jóga. MYND/STEFÁN

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Ég fæ mér alltaf hafragraut í morgunmat og set stundum gróft hnetusmjör, banana, epli og möndlumjólk saman við. Það er góð tilbreyting, eykur prótínhlutann í grautnum og er virkilega gómsætt,“ segir Halldóra sem hjólar dag hvern úr Mosfellsbæ til vinnu sinnar í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Það er best í heimi. Mér finnst gott start á deginum að hjóla og þá er ég búin að tryggja mér hreyfingu dagsins. Leiðin er fjölbreytt og falleg, liggur bæði upp og niður í mót, en á gírahjóli finnur maður minna fyrir brattri Breiðholtsbrekkunni,“ segir Halldóra sem er um fjörutíu mínútur að hjóla á milli bæjarfélaga í vetrarfærðinni en hálftíma þegar betur viðrar.

## Æskuvinurinn áhrifavaldur

Halldóra útskrifaðist sem íþróttafræðingur árið 1986 og fékk kennsluréttindi 1987.

„Ég var alin upp af foreldrum sem voru mikið í íþróttum og var átta ára þegar mamma hætti að æfa handbolta. Með henni fékk ég að leika mér í áhaldageymslunni og fannst að starf íþróttakennarans hlyti að vera stórkostlegt,“ segir Halldóra sem byrjaði sjálf ung að æfa íþróttir.

„Ég hafði mikið yndi af hreyfingu en minn besti vinur og jafnaldri, sem bjó í næsta húsi, var fatlaður og hafði því ekki sömu möguleika og ég. Það varð mér hvatning og kveikti áhuga minn á íþróttum fatlaðra,“ segir Halldóra sem sérmenntaði sig í íþróttum fatlaðra í Alberta-fylki í Kanada.

„Íþróttafræði fatlaðra snýst um að finna leiðir og lausnir fyrir þá sem eru með líkamlega fötlun eða þroskaskerðingu að taka þátt í íþróttum.“

## Gefandi morgunleikfimi

Í ríflega þrjátíu ár hefur Halldóra haft umsjón með morgunleikfimi á Rás 1, en hún tók við þættinum haustið 1987.

„Morgunleikfimin er partur af mér og mér þykir mjög vænt um þessa samveru. Mér er annt um þáttinn sem er hluti af þjóðarsálinni. Hann hófst fyrir sextíu árum og er einn af elstu dagskrárliðunum sem enn eru í útvarpinu,“ segir Halldóra sem uppsker oft og iðulega þakkir frá dyggum hlustendum.

„Mér þykir afskaplega vænt um þegar fólk hittir mig á förnum vegi og þakkar mér fyrir leikfimitíma dagsins. Það er gaman að vita til þess að fólk hvaðanæva af landinu geri æfingarnar og að þær geri þeim gott. Hlustendurnir eru margir í eldri kantinum og hafa hlustað á útvarp sér til dægrastyttingar í áratugi. Í morgunleikfiminni er ég svo komin heim til þeirra og á stund með þeim. Mér finnst það svo fallegt og innilega gefandi,“ segir Halldóra.

Hver morgunleikfimitími tekur tíu mínútur.

„Fullorðnu fólki er ráðlagt að hreyfa sig daglega í að lágmarki 30 mínútur en það þarf ekki að vera samfelld hreyfing. Hver morgunleikfimitími getur því verið góður partur upp í þann hálftíma. Ég hef engar áhyggjur af þeim sem hreyfa sig reglulega en til eru þeir sem eru ófélagslyndir, eða geta ekki farið í líkamsræktina af einhverjum ástæðum. Það getur verið erfitt að ná til þessa hóps. Í staðinn fyrir að fara út á við og í líkamsrækt geta þeir gert æfingarnar í útvarpinu og ég er næstum viss um að morgunleikfimin hefur viðhaldið og bætt heilsufar margra,“ segir Halldóra og er annt um morgunleikfimiþættina.

„Morgunleikfimin er fastur punktur í tilverunni og það vita allir af henni þótt þeir hlusti kannski aldrei. Sumum þykir hún kannski barn síns tíma en kynslóðin sem notar hana mest er útvarpsvænn hópur og hlustar á útvarp á annan hátt en yngra fólkið. Hjá henni er útvarpið samfylgd.“

Í morgunleikfimi útvarpsins leggur Halldóra áherslu á æfingar sem miðast við hreyfingar sem eru eðlilegar í daglegu lífi.

„Við þurfum að geta teygt okkur upp í skáp til að ná í hluti og beygt okkur niður til að reima á okkur skóna. Líka að geta sest niður og risið aftur upp af salerni eða stól. Því legg ég fyrir starfrænar æfingar sem viðhalda vöðva- og beinmassa.“

## Megum ekki sitja of lengi

Halldóra starfar sem íþróttakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og segir líkamann ekki skapaðan til kyrrsetu.

„Kyrrseta er okkar mesti vágestur. Áður voru það reykingar en sem betur fer höfum við nú náð betri tökum á þeim. Við megum því aldrei sitja lengur en klukkutíma án þess að standa upp og hreyfa okkur. Annars fáum við margvíslega kvilla og eigum á hættu að missa heilsuna. Því er okkur nauðsynlegt að teygja úr okkur, liðka axlir og háls og ganga um,“ segir Halldóra sem lifir fræðin í lífi sínu og starfi.

„Ég er gömul skíðakona og mikil útimanneskja. Mér þykir gaman að ganga úti í náttúrunni og er áhugasöm um jóga. Ég er í ágætu formi miðað við konu á mínum aldri. Þegar fólk fer að eldast skiptir máli að viðhalda vöðvamassa og jafnvægi því um leið og vöðvarnir rýrna fara beinin að rýrna líka og verða brothættari. Það fyrsta sem við missum af líkamlegri færni er jafnvægið og því þurfum við að vera dugleg að þjálfa það upp, til dæmis með því að hjóla og gera jógaæfingar. Ellegar eykst hætta á að við verðum völt á fótunum. Þeir sem eru með beinþynningu geta brotnað ef þeir detta en jafnvægisæfingar koma í veg fyrir bylturnar.“

Halldóra er framkvæmdastjóri Beinverndar, félags áhugafólks um beinþynningu og varnir gegn henni, og hefur starfað fyrir félagið í átján ár.

„Öll hreyfing sem við gerum og vinnur gegn þyngdaraflinu, þar sem við höldum uppi eigin líkamsþyngd, eins og að ganga, skokka, dansa, spila golf og boltaíþróttir, styrkir bæði vöðva og bein. Sund er hins vegar gott fyrir liði og vöðva en styrkir ekki beinin. Því er gott að ganga eða hjóla í sund, synda og ganga svo aftur heim, því þá erum við búin að gera æfingar fyrir bæði liði og bein.“

Röskleg stafganga segir Halldóra að sé einkar góð gegn beinþynningu og margir þyngi bakpoka sína til að reyna meira á hjarta og lungu.

„Sjálf er ég mikil áhugamanneskja um tvöfalt sipp og sippa mikið, sem er frábær æfing fyrir beinin.“

Halldóra verður gestur á kvöldstund í Hannesarholti fimmtudagskvöldið 8. mars klukkan 20. Þar ætlar hún að deila með gestum leiðum til að efla heilbrigði beina og tala um almennt heilbrigði. Halldóra gefur vinnu sína við kvöldstundina og rennur aðgangseyririnn til Göngum saman og Hannesarholts.

Ekki kvefast á skíðum




PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.

PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

Fæst í apótekum og Fríhöfninni - www.precold.is

Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 6. MARS 2018

## Enn eitt frábært útspilið frá Volvo

→6







# ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þrautreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt. Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olís

REKSTRARLAND

PIPAR\TBWA • SÍA • 173446

BÍLAR


Nýskráningar voru 9% færri en í febrúar 2017 en sé litið til fyrstu tveggja mánaða ársins er um 9% aukningu að ræða miðað við sömu mánuði fyrra árs.

# Nýskráningar færri í febrúar en aukning á árinu

Í febrúarmánuði voru alls nýskráðir 1.324 fólks- og sendibílar á innlendum bílamarkaði, þar af rúm 26% til bílaleiga landsins, eða alls 348 bílar. Af heildarskráningum fólks- og sendibíla voru 320 af merkjum BL. Toyota afgreiddi 264 bíla, Brimborg 225, Hekla 215 og Askja 197 bíla. Nýskráningar voru 9 prósentum færri en í febrúar 2017 en sé litið til fyrstu tveggja mánaða ársins er um 9% aukningu að ræða miðað við sömu mánuði fyrra árs. Það skýrist aðallega af 13,9% fleiri nýskráningum bílaleigubíla það sem af er árinu heldur en fyrstu tvo mánuðina 2017. Þessa fyrstu tvo mánuði ársins hefur BL selt flesta bíla allra umboða, eða 753. Þar á eftir kemur Toyota með 634, Brimborg 586, Hekla 514 og Askja 362 bíla. Önnur umboð hafa selt færri en 100 bíla hvert um sig það sem af er árinu.

### Hörð samkeppni og margir bílaleigubílar

Á markaði fólks- og sendibíla nam markaðshlutdeild BL rúmum 24 prósentum í febrúar sem er svipað hlutfall og í janúar en 8% minni fyrstu tvo mánuði ársins samanborið við sama tímabil 2017 þegar hlutdeild fyrirtækisins nam tæpum 29 prósentum. Skýrist það annars vegar af mjög harðri samkeppni og hins vegar af miklum fjölda nýskráninga bílaleigubíla það sem af er ári þar sem nýskráningar merkja frá BL voru ekki umfram hlutdeild fyrirtækisins á markaðnum í heild.

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 512 5457
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800




# Mazda Skyactive-X er risastökk í þróun bensínvéla

## Eykur afl um 20% og minnkar eyðslu um 20-30% með nýrri tækni.

Bílaframleiðandinn Mazda er þekktur fyrir nýjungar í þróun véla og nú hefur Mazda tekið sannkallað risastökk í þróun bensínvéla með Skyactive-X vélinni. Í henni er þjöppunin í brunahólfunum sérlega há og vinnur undir 16:1 þrýstingi, sem er fáheyrður þrýstingur í bensínvél. Þá er innsprautun bensíns og lofts líka með óvenjulegum og breytilegum hætti sem eykur afl vélarinnar mikið þegar þess er óskað.

Slík innsprautun krefst háþróaðrar tölvustýringar sem Mazda hefur þróað. Togkúrfan í Skyactive-X vélinni er bæði óvenju há og flöt, líkast og um væri að ræða dísilvél. Skyactive-X vélin snýst mun hraðar en hefðbundnar bensínvélar, oft um 1.000 snúningum hraðar. Öll þessi nýja tækni eykur aflið um 20% og minnkar eyðsluna um 20-30%. Ekki ónýtt það, en fyrri Skyactive-vélar Mazda voru reyndar eyðslugrannar fyrir.


Mazda3 í prófunum með nýju vélinni.

### Margir reynt en engum tekist

Margir aðrir bílaframleiðendur hafa reynt að þróa vél í þessa átt, sem hefur bæði kosti bensínvéla og dísilvéla, en enginn þeirra hefur náð þvílíkum árangri sem Mazda hefur tekist nú með Skyactive-X vélinni. Mazda hefur sett þessa nýju vél í Mazda3 bíla og boðið völdum ökumönnum og sérfræðingum að reyna herlegheitin og trúa þeir vart þeim árangri sem Mazda hefur nú náð og tala um eitt stærsta stökk sem tekið hefur verið við langa þróun bensínvéla. Það verður dýrara að fjöldaframleiða þessa nýju Skyactive-X vél en samt ódýrara en að bjóða upp á Hybrid-aflrás að sögn forstjóra Mazda. Mazda hefur ekki hug á því að bæta rafmagnsmótorum og þungum rafhlöðum í bíla sína og hefur einsett sér að þróa bensínvélina sem mest áfram og það hefur aldeilis tekist. Fyrir þróun Skyactive-X vélarinnar var Mazda með lægstu meðaleyðslu allra bílaframleiðenda, en sú staða er væntanlega enn frekar tryggð með tilkomu þessarar nýju vélar. Með 2,0 lítra sprengirými er Skyactive-X vélin um 190 hestöfl og skilar álíka afli og meira togi en núverandi 2,5 lítra vél Mazda. Næst á dagskrá Mazda er einnig að þróa dísilvélar sínar betur með sömu markmið og höfð eru að leiðarljósi með þessari Skyactive-X vél, en búast má við fyrstu bílunum með þessari vél í lok næsta árs.


Range Rover Sport P400e á leið upp að himnahliðinu.

# Range Rover Sport PHEV við Himnahliðið í Kína

## Fór upp 999 þrep í allt að 45 gráðu halla. Hefur aldrei verið reynt áður á bíl.

Nýjum tengiltvinnbíl, Range Rover Sport P400e, var á dögunum ekið mjóan og hættulegan veg sem hlykkjast upp hlíðar Tianmen-fjallgarðsins í Kína í 99 kröppum beygjum uns komið er að lokaáfanganum sem liggur upp að hinu sögufræga Himnahliði, upp eftir 999 þrepum í 45 gráða halla. Þegar lagt er af stað liggur leiðin til að byrja með upp snarbrattar hlíðar fjallsins eftir 11,3 km löngum og mjóum vegi sem kallaður er Drekaslóð (Dragon road) enda 180° beygjurnar við hvert fótmál. Við stýrið var Ho-Pin Tung, ökuþór Panasonic Jaguar Formula E Racing sem stillti drifkerfi bílsins á Terrain Response 2 á Dynamic áður en hann lagði í hann. Þegar komið var á toppinn og aðeins lokaáfanginn eftir upp brött þrepin 999 endurstillti Ho-Pin Tung drifkerfið fyrir mesta veghalla áður en hann þeysti af stað upp snarbratta brekkuna þar sem bensín- og rafmagnsmótor bílsins unnu saman að hámarksafköstum uns jeppinn stóð á toppnum andspænis Himnahliðinu.

### Adrenalínrússíbani

„Þetta er einn mesti adrenalínrússíbani sem ég hef upplifað á ævinni,“ sagði Ho-Pin Tung þegar hann steig út úr bílnum. „Ég hef keppt í Formúlu E og Formúlu 1 og unnið 24 klukkustunda þolaksturinn í Le Mans en þetta var án efa ein mest krefjandi ökuferð sem ég hef farið í. Bíllinn stóð sig frábærlega og hafði lítið fyrir þessu.“ Þetta var í fyrsta sinn í sögunni sem lokaáfanginn upp þrepin 999 var ekinn áfallalaust enda höfðu heimamenn enga trú á því að það tækist. Bíllinn, sem væntanlegur er til BL í vor eða snemma sumars, er búinn 300 hestafla bensínvél og 116 hestafla rafmagnsmótor sem er með uppgefið drægi allt að 50 km á hleðslunni. Á Drekaslóð og upp brattar tröppurnar í lokin voru báðar vélar nýttar til að hámarka afl og afköst og komast í „mark“ á sem stystum tíma.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# BÍLAR



Hyundai Velostar N á Nürburgring-brautinni.

## 350 hestafla Hyundai á teikniborðinu

Suðurkóresku bílaframleiðendurnir Hyundai og Kia feta nú brautina að kraftabílaframleiðslu sinni á meiri hraða en áður og skemmst er að minnast útkomu hins frábæra sportbíls Kia Stinger sem alls staðar er að slá í gegn. Hyundai ætlar ekki að láta sitt eftir liggja og vinnur nú að 350 hestafla kraftabíl sem er öllu minni en Stinger. Hyundai kynnti 275 hestafla Velostar N bíl í Detroit fyrir skömmu en ætlar að gera enn betur og vopna hann 350 hestafla vél. Hann mun fá Theta III vél sem fær verður um að senda 350 hestöfl til hjólanna. Þessi Theta III vél mun reyndar fyrst sjást í Genesis 80 bíl frá lúxusbíladeild Hyundai en í honum verður hún um 300 hestöfl.

Hins vegar hefur sést til Hyundai reyna Velostar RM16 N Concept bíl á Nürburgring-brautinni þýsku með þessari 350 hestafla vél. Theta-vélarnar sem Hyundai er að þróa verða til í 2,3, 2,4 og 2,5 lítra útfærslum og einhverjar þeirra með stórum forþjöppum. Þær munu sjást í framhjóla-, afturhjóla og forhjóladrifnum bílum Hyundai á næstunni, vonandi sem fyrst.



Nýr Kia Ceed er hannaður og smíðaður sérstaklega fyrir Evrópumarkað.

## Nýr Kia Ceed kynntur til leiks

Nýr Kia Ceed verður frumsýndur með viðhöfn á bílasýningunni í Genf í dag. Þetta er þriðja kynslóð Kia Ceed en þessi vinsæli hlaðbakur kemur nú í talsvert breyttri mynd. Hann hefur fengið nýtt útlit að innan sem utan og þá hefur ýmsum tækninýjungum verið bætt við bílinn sem gera hann enn betri í akstri og öruggari. Einnig mun nýr Ceed hafa stærra skott og enn meira rými fyrir farþega og bístjóra. Meðal véla sem eru í boði í nýjum Kia Ceed eru ný 1,4 lítra, 140 hestafla T-GDI bensínvél og ný U3 1,6 lítra dísilvél sem skilar annars vegar 115 hestöflum og hins vegar 136 hestöflum. Togið í dísilvélinni er 280 Nm.

Nýr Kia Ceed verður búinn nýjustu aksturs- og öryggiskerfum frá Kia og verður með 7 ára ábyrgð eins og aðrir bílar frá Kia. Stefnt er að því að hefja framleiðslu á bílnum í maí en hann verður kynntur á Íslandi næsta haust. Nýr Kia Ceed er hannaður og smíðaður sérstaklega fyrir Evrópumarkað í verksmiðju Kia í Zilina í Slóvakíu. Síðan bíllinn kom fyrst á markað árið 2006 hafa selst rúmlega 1,8 milljónir eintaka. Þar hafa selst rúmlega 640 þúsund eintök af annarri kynslóð bílsins sem kom á markað árið 2012.

# Subaru í hálfa öld á Bandaríkjamarkaði

Tveir þriðju allra framleiddra Subaru-bíla eru nú seldir í Bandaríkjunum.

Á þessu ári verða 50 ár liðin frá því að Subaru hélt innreið sína á Bandaríkjamarkað, helsta og vinsælasta vígi merkisins auk heimalandsins, Japans. Bandaríkjamenn tóku strax miklu ástfóstri við Subaru enda eru tveir af hverjum þremur Subaru-bílum sem framleiddir eru seldir þar í landi. Subaru er einna minnsti bílaframleiðandi heims og varð merkið fyrst fáanlegt í Bandaríkjunum árið 1968 þegar Subaru 360, lítill skrýtinn „ladybug“, birtist á götunum. Landsmenn upplifðu Subaruinn sem blúsaðan í útliti en með angurværa nærveru. Hann var svo gjörólíkur öðrum bílum sem Bandaríkjamenn áttu að venjast. Hann sló fyrst í gegn í norðausturríkjunum í og við landamæri Kanada, einnig í ríkjum Klettafjalla og við vesturströndina í kringum San Francisco. Fáum árum síðar, eða 1972 kom sá Subaru sem langflestir kannast við: Subaru AWD station til Bandaríkjanna og Evrópu, fremur lítill bíll en með gott farangursrými, fjórhjóladrifinn og með þessa skrýtnu boxervél undir húddinu sem fáir vissu nokkuð um, hvað þá höfðu séð. Bílar Subaru bera enn þann dag í dag sterk einkenni frá forveranum frá 1972.



Subaru Outback við Skógafoss.

### Orðsporið farið víða

Í dag skipta aðdáendur Subaru milljónum í öllum ríkjum Bandaríkjanna af þeirri einföldu ástæðu að orðsporið hefur farið víða. Subaru er þekktur um allan heim fyrir framúrskarandi öryggisbúnað, áreiðanleika í rekstri og drifgetu sem nýtist við fjölbreyttar aðstæður allan ársins hring og þar skilur á milli hans og margra annarra bílamerkja. Þetta á ekki síst við um markaði Bandaríkjanna þar sem landsmenn hafa tekið miklu ástfóstri við Subaru meðal annars vegna áreiðanleika framleiðslunnar, en bara á síðasta ári keyptu Bandaríkjamenn um 650 þúsund nýja Subaru.

### Fáir standast þeim snúning

Öll merki Subaru seljast vel í Bandaríkjunum þótt helstu drifsjaðrirnar séu þó Forester, Outback og Crosstrek sem er náskyldur XV sem BL kynnti nýlega.

Nýjum Impreza hefur einnig verið vel tekið auk Legacy Sedan sem er eini fólksbíllinn á Bandaríkjamarkaði sem eingöngu fæst fjórhjóladrifinn. Þá eiga að sjálfsögðu sport- og keppnisbílarnir Subaru BRZ sports coupe, Subaru WRX og WRX STI sína dyggu aðdáendur á meðal bílaáhuga- og akstursíþróttamanna enda fáir sem standast Subaru snúning þegar kemur að erfiðum keppnum á borð við rall, svo dæmi sé tekið.

### PHEV með boxervél

Eins og áður segir er Subaru einn minnsti bílaframleiðandi heims. Á næstu árum hyggst fyrirtækið kynna til leiks fyrsta tengiltvinnbílinn sem þróaður verður í samstarfi við aðra bílaframleiðendur. Þrátt fyrir það ætlar Subaru ekki að nýta vélar frá samstarfsaðilum sínum heldur halda fast við helsta aðalsmerki sitt, boxervélina, og verða bílarnir til að byrja með eingöngu í boði á mörkuðum Bandaríkjanna.

# Stór Citroën mun leysa af C5 og C6

Byggður á sama EMP2 undirvagni og nýr Peugeot 508 og fær sömu vélar.

Þó svo að tími jepplinga og jeppa standi nú sem hæst hefur Citroën enn trú á stærri gerð fólksbíla og ætlar að koma fram með einn nýjan slíkan við lok þessa áratugar. Verður hann byggður á CXperience tilraunabílnum, bæði að ytra og innra útliti. Bíllinn á hvorki að verða líkur núverandi C5 eða C6 bílum, en leysa þá báða af hólmi. Forstjóri Citroën, Linda Jackson, hefur sagt að stór markverður bílaframleiðandi verði að hafa smáa, miðlungsstóra og stóra fólksbíla í sinni bílaflóru, auk jeppa og jepplinga, annars sinni hann ekki öllum bílamarkaðnum. Sala venjulegra fólksbíla hefur hrunið hratt á síðustu árum og sífellt fleiri gerðir jepplinga hafa leyst þá að stórum hluta af hólmi.

### Sífellt minnkandi sala stærri fólksbíla

Sala stærri fólksbíla Citroën féll til að mynda um heil 47% á síðasta ári í heimalandinu Frakklandi og er það helst rakið til þeirrar áherslu sem Citroën hefur að undanförnu lagt á framleiðslu jepplinga. Þessu vill Linda Jackson snúa til betri vegar og horfir þá ekki síður til bílamarkaðarins í Kína, en þar seljast best stærri fólksbílar í heiminum. Kína er næststærsti bílamarkaður Citroën á eftir Evrópu. Jackson lagði einnig áherslu á, er hún kynnti þennan tilvonandi nýja bíl, að Citroën ætli áfram að vera öðruvísi bílaframleiðandi sem framleiði umfram allt þægilega bíla. Búist er við því að þessi nýi bíll Citroën verði í boði með sams konar vélbúnaði og í næstu kynslóð Peugeot 508, en nú standa prófanir yfir á þeim bíl. Enn fremur verða bílarnir báðir á hinum nýja EMP2 undirvagni PSA Peugeot Citroën sem er mjög léttur en hefur samt mikinn stífleika.



Tilraunabíllinn Citroën CXsperience.


SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI SWIFT
BÍLL ÁRSINS
Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA
KOMDU OG PRUFAÐU SWIFT
HANN FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA
SWIFT
2018 RJC
Automotive Researchers' & Journalists' Conference of Japan
CAR OF THE YEAR
BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2018
BÍLABLAÐAMANNA
VERÐ FRÁ KR.
2.160.000
KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐANN SUZUKI SWIFT.
SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**VOLVO XC40**

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 190 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 131 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 7,9 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 210 km/klst.
**Verð frá:** 5.990.000 kr.
**Umboð:** Brimborg

Kostir:
- Ytri og innri fegurð
- Akstурseiginleikar
- Búnaður
- Öryggi

Gallar:
- Háværar vélar á miklum snúningi

# Stórgóð fegurðardís

## Enn eitt frábært útspilið frá Volvo er að koma á göturnar. Með Volvo XC40 er kominn fram einn fallegasti jepplingur götunnar og ekki spilla aksturseiginleikarnir, öryggið og verðið fyrir.






**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is

Síðustu ár hefur það verið staðföst skoðun mín og fleiri að allt geri þeir hjá Volvo rétt og hver gæðabíllinn hefur rekið annan á undanförnum árum. Volvo hefur endurnýjað svo til alla bíla sína á skömmum tíma og byrjaði reyndar ofan frá ef svo má segja með XC90 jeppanum sem svo sannarlega hefur slegið í gegn. Honum fylgdi frábær S90/V90 lína, þá XC60 og nú er komið að minnsta bróðurnum, XC40, sem í leiðinni er glæný gerð í bílaflóru Volvo og flokkast sem fremur smár jepplingur. Það var því með heilmiklum væntingum sem Barcelona var heimsótt til að reyna gripinn. Til að átta sig á stærð Volvo XC40 má segja að hann keppi í sama stærðarflokki og Mercedes Benz GLA, BMW X1, Audi Q2, Range Rover Evoque og Lexus NX þó þeir tveir síðasttöldu séu aðeins stærri. Allt eru þetta fallegir bílar og allir í lúxusbílaflokki, en ég er ekki frá því að með Volvo XC40 sé kominn sá fallegasti þeirra. Margir keppinautanna hafa hannað bíl sem er svo líkur stærri bræðrum þeirra að óhætt væri að skella þeim í ljósritunarvél og minnka myndina um svona 10-20%. Það á ekki við um XC40 því hann er býsna ólíkur XC60 og XC90 bílunum, fríður eins og hinir en með allt öðrum línum. En ávallt sýnist sitt hverjum hvað útlit varðar og hver dæmi fyrir sig með meðfylgjandi myndir til stuðnings.

### Öflugar vélar

Volvo mun bjóða XC40 með 5 gerðum véla, D3 og D4 dísilvélum og T3, T4 og T5 forþjöppudrifnum bensínvélum. Í reynsluakstrinum voru reyndir D4 og T5 bílar, en dísilvélin er 190 hestöfl og bensínvélin heil 250 hestöfl. Báðir reyndust þeir ferlega sprækir þó bensínbíllinn væri sprækari úr sporunum, en með þeirri vél er hann ekki nema 6,5 sekúndur í hundraðið, en 7,9 með dísilvélinni. Eitthvað latari verða D3, D4 og T4 gerðirnar en þessir tveir voru báðir eins og rakettur og því hrikalega gaman að gefa þeim inn. Það var náttúrulega gert með bestu lyst og ekki vantaði á aksturseiginleikana til að höndla aflið. Mikill unaður fylgir því að henda bílnum í beygjurnar og aldrei skorti aflið á milli þeirra. Bíllinn liggur eins og klessa og fer fáránlega vel með ökumann þó illa sé látið. Ekki skaðar fjórhjóladrifið við slíkan leik, sem og lítið stýri og lítill snúningsradíus þess. Þessi samsetning minnir á sportbíl og gladdi það ökumann. Það eina sem gladdi hann reyndar ekki var of hátt vélarhljóð og lágtíðnisöngur hennar við mikinn snúning. Það á reyndar við um alla nýja bíla Volvo með 2,0 lítra vélinni sem í boði er í öllum nýjum Volvo bílum, bara misöflug. Einstaka sinnum fannst mér einnig sem 8 gíra sjálfskiptingin væri ekki að velja rétta gírinn hverju sinni og þá freistaði það að nota flipaskiptinguna og má alveg mæla með þeirri aðferð.






### Líka undurfagur að innan

XC40 situr á sama undirvagni og bílar móðurfyrirtækisins Geely, sem og bílar Lynk & Co sem er líka í þeirra eigu. Með því sparast mikið og bíllinn er einnig að mestu smíðaður úr stáli, en ekki áli til að halda verði hans niðri, eins og framleiðendur allra hinna samkeppnisbílanna hafa einnig gert. Þrátt fyrir að Volvo sé í kínverskri eigu var undirvagninn þróaður af Volvo og bíllinn allur hannaður þar líka. Að innan er Volvo líkt og stærri bræður hans fallegur svo eftir er tekið. Sænska naumhyggjan, frábært efnisval og góð smíði gera þennan bíl með þeim allra fallegustu hvað innanrými varðar. Mjög frísklegt var að sjá að hurðirnar að innan voru að stórum hluta klæddar efni í sama lit og teppi bílsins. Flottari lausn og léttari en leðurklæðning, hvað þá pleður. Stór aðgerðaskjárinn er flottur og nokkuð góður í notkun, þó stundum séu leiðirnar langar vegna takkaleysis, en þetta er nú einu sinni snertiskjár. Framsætin eru frábær og akstursstaðan auðfinnanleg og aftursætin góð líka og þar má sko alveg koma fyrir fullorðnum.

> **Mikill unaður fylgir því að henda bílnum í beygjurnar og aldrei skorti aflið á milli þeirra. Bíllinn liggur eins og klessa og fer fáránlega vel með ökumann þó illa sé látið. Ekki skaðar fjórhjóladrifið við slíkan leik, sem og lítið stýri og lítill snúningsradíus þess.**



### Stærri að innan en utan

Bíllinn virkar miklu stærri að innan en utan og meira að segja skottrýmið er yfrið. Botninn á því er gott dæmi um sniðugheit innréttingarinnar í þessum bíl. Hann brotnar upp í miðju líkt og oregami og heldur betur um farangur eins og innkaupapoka fyrir vikið. Mikið geymslupláss er í framhurðunum og má það að miklu leyti þakka að Volvo hefur komið stóru bassahátölurunum fyrir í mælaborðinu, en ekki í hurðunum. Hrikalega öflugt hljóðkerfi frá Harman Kardon með 13 hátölurum setur svo punktinn yfir i-ið hvað lúxus og gæði varðar og gæsahúðin nær nýjum hæðum við að þenja snilldina. Í heildina litið er Volvo XC40 enn eitt frábæra útspilið hjá Volvo og með þessum jepplingi þarf samkeppnin aldeilis að vara sig. XC40 hefur ýmislegt fram yfir samkeppnina og má þar nefna 211 mm undir lægsta punkt og 45 cm vaðdýpt, svo hér er einnig kominn torfæruhæfur jepplingur. En gæði kosta og verðið á ódýrustu útgáfunni sem fá má nú í Brimborg með 190 D4 hestafla dísilvélinni er 5.990.000 kr. Það er reyndar sama verð og á Audi Q2 með 190 hestafla dísilvél og líka BMW X1 með 190 hestafla dísilvél. Mercedes Benz GLA með 177 hestafla dísilvél kostar 6.480.000 kr.




**Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna** fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 1.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **GE bílar** | **Bílasalan Bílás** | **Bílasala Akureyrar** | **Bílaverkstæði Austurlands** | **IB ehf.** | **BL söluumboð** |
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

Comfort útgáfa - verð frá 1.990.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

ENNEMM / SÍA / NM87040


Dacia Duster, sem er Íslendingum að góðu kunnur.

# Ein milljón Dacia í Frakklandi

Dacia náði þeim árangri í febrúar að milljónasti bíllinn var nýskráður í Frakklandi frá því að hann var kynntur þar til leiks í júní 2005. Dacia er gríðarlega vinsæll meðal Frakka og leikur eitt lykilhlutverkanna á franska samkeppnismarkaðnum. Damien Delcloque, vörumerkjastjóri Dacia í Frakklandi, segir að þetta sé mikilvægur áfangi fyrir rúmenska merkið sem Renault festi kaup á árið 1999. „Á innan við þrettán árum hefur Dacia getið sér gott orð fyrir áreiðanleika og Dacia hefur verið fimmti söluhæsti bíllinn undanfarin fimm ár og aðallega á einstaklingsmarkaði,“ segir Delcloque, en alls voru 119.357 fólks- og litlir sendibílar frá Dacia skráðir í Frakklandi 2017, 6,5% fleiri en 2016.

Nýliðið ár markaði jafnframt nýjan áfanga þegar Dacia varð í fyrsta sinn þriðja söluhæsta merkið á franska einstaklingsmarkaðnum og Dacia Sandero jafnframt sá söluhæsti með 52 þúsund nýskráningar. Þess má geta að alls eru fylgjendur Dacia á Facebook fleiri en sem nemur fjölda landsmanna á Íslandi. Dacia framleiðir fimm mismunandi bílgerðir, Sandero, Logan og Logan MCV, Dokker, Lodgy sem er einn ódýrasti 7 sæta fjölskyldubíllinn á markaðnum, og síðast en ekki síst sá duglegi og vinsæli Duster sem Íslendingum er að góðu kunnur. Duster kom fyrst á markað 2010 og hefur síðan þá unnið sér traustan sess á jepplingamarkaði og lofar ný kynslóð bílsins mjög góðu miðað við þær móttökur sem nýi bíllinn hefur fengið frá því að hann var kynntur fyrir fáeinum vikum.


Volkswagen T-Roc með blæju verður í boði eftir tvö ár.

# Topplaus VW T-Roc árið 2020

## Volkswagen hefur fengið 40.000 pantanir í T-Roc frá því í nóvember.

Volkswagen T-Roc hefur aðeins verið til sölu síðan í nóvember en Volkswagen er þegar búið að fá 40.000 pantanir í þennan laglega jeppling. Þeir Volkswagen-menn vilja samt auka söluna á honum með því að bjóða hann einnig með blæju og á sú útgáfa hans að koma á markað eftir tvö ár. Volkswagen Group segir að árið 2020 verði 40% af sölu fyrirtækisins jeppar og jepplingar og ef öll bílamerki Volkswagen-bílasamstæðunnar eru talin saman muni verða um 20 mismunandi slíkir bílar í boði það ár. Það á því eftir að fjölga nokkuð í jeppa- og ekki síst jepplingaflokki hjá Volkswagen Group. Blæjan á topplausa T-Roc á að vera úr mjúku efni eins og á Range Rover Evoque blæjubílnum. Með T-Roc Cabrio er kominn fyrsti blæjujepplingur fyrirtækisins, en örugglega ekki sá síðasti.

Volkswagen þarf að fjárfesta fyrir um 10 milljarða króna í verksmiðju sinni í Osnabrück til að gera smíði blæjuútgáfunnar á T-Roc mögulega. Volkswagen áætlar að selja um 20.000 T-Roc Cabrio á hverju ári. Volkswagen T-Roc er ekki ennþá til sölu í Bandaríkjunum og ef til vill hyggst fyrirtækið auka sölu hans enn frekar með því að kynna hann einnig til leiks vestanhafs.

# 577 hestafla AMG G63 í Genf

## Þessi níðþungi hlunkur er 4,4 sek. í hundraðið og 0,9 sekúndum sneggri en forverinn þrátt fyrir ferkantað sköpulag.

Þessi Mercedes Benz AMG G63 bíll er á sýningarpöllunum á bílasýningunni í Genf, en hún var opnuð fyrir blaðamönnum og umboðsaðilum í gær. Ekki er langt síðan Mercedes Benz frumsýndi nýja kynslóð þessa goðsagnakennda Geländewagen á Detroit bílasýningunni, en nú er komið að AMG-útgáfu bílsins og ekki úr vegi að sýna hana fyrst í peningalandinu Sviss því þessi útgáfa hans er væntanlega æði dýr. Vélin í bílnum er 4,0 lítra V8 með tveimur forþjöppum og hana má einnig finna í bílunum AMG GT-R og S560. Þegar ekki er krafist alls þess afls sem vélin getur orkað slekkur hún á nokkrum sílindrum til að spara eldsneyti og því er þessi orkubolti mun sparneytnari en forveri hans.


Mercedes Benz AMG G63 er nú á sýningarpöllunum í Genf.

### Hlunkurinn er 4,4 sekúndur í 100

Þessi aflmikla vél er tengd við 9 gíra sjálfskiptingu. Allt þetta afl skilar bílnum í hundraðið á 4,4 sekúndum og er hann því 0,9 sekúndum sneggri en forverinn og hámarkshraðinn er 240 km/klst. þrátt fyrir ferkantað sköpulag hans. Þekkja má G63 frá venjulegum G-Class á stærri dekkjum, meira krómi og öðruvísi framstuðara og grilli. Fá má bílinn á annaðhvort 21 eða 22 tommu svörtum felgum. Að innan fær AMG G63 alla tækni og mögulega fegurð sem Mercedes Benz býður í bílum sínum og er þar af nógu af taka. Koltrefjar, leður og glansandi stál er áberandi í innréttingunni og hægt er að fá 12,3 tommu skjái aftan á höfuðpúða framsætanna, svona til að aftursætisfarþegar geti skemmt sér í öllum bílferðum.


General Motors og Ford sáu bæði 6,9% minnkun sölu í febrúar á meðan Toyota jók söluna um 4,5%.

# Bílasala fer vel af stað í USA í ár

## Japanskir og þýskir bílaframleiðendur taka sífellt stærri hlutdeild af bílaframleiðendum heima fyrir.

Spáð hafði verið minni bílasölu í Bandaríkjunum í ár en í fyrra, en eftir að sölutölur fyrir fyrstu tvo mánuði ársins voru ljósar hefur fyrri spá um söluna verið breytt úr 16,9 milljón bílum í 17,1. Sala bíla í Bandaríkjunum var einstaklega góð í fyrra og árið áður og voru ýmis teikn á lofti um að í ár myndi um hægjast, en salan virðist enn á góðu flugi. Bandarískir bílaframleiðendur fara áfram halloka fyrir asískum og evrópskum framleiðendum og sífellt minnkar hlutdeild þeirra bandarísku í eigin landi. General Motors og Ford sáu bæði 6,9% minnkun sölu í febrúar á meðan Toyota jók söluna um 4,5%. Sala þriðja bandaríska bílaframleiðandans, þ.e. Fiat Chrysler, minnkaði þó aðeins um 1% og eins og fyrri daginn er það helst að þakka frábærri sölu Jeep-bíla, en sala þeirra jókst um 12% frá fyrra ári. Honda seldi 5% færri bíla en í fyrra og Nissan 4,3% færri, en Subaru 3,8% fleiri. Sala Hyundai féll um 13,1 og Kia um 4,7%. Þýsku framleiðendunum gekk vel í febrúar og Mercedes Benz fór 1,9% upp, Volkswagen 6,0% upp, BMW 7,5% upp og Audi 12,0% upp. Japönsku framleiðendunum Mazda (+12,7%) og Mitsubishi (+18,8%) gekk líka einkar vel í þessum nýliðna mánuði.

SUZUKI

# NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI SX4 S-Cross GL All Grip.**

Skr. 04/2015,
ekinn 59 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 2.980.000.**

Rnr.101804.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 07/2015,
ekinn 71 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur,
dráttarbeisli.

**Verð 3.780.000.**

Rnr.101942.



**SUZUKI Vitara GLX.**

Skr. 04/2016,
ekinn 61 Þ.KM,
dísel,
sjálfskiptur.

**Verð 3.490.000.**

Rnr.101838.



**SUZUKI Splash GLS.**

Skr. 06/2011,
ekinn 117 Þ.KM,
bensín, 5 gírar.

**Verð 750.000.**

Rnr.101980.



**SUZUKI SX4 S-Cross GLX All Grip.**

Skr. 11/2015,
ekinn 44 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur,
leður, sóllúga o.fl.

**Verð 3.680.000.**

Rnr.101745.



**FORD Mondeo Titanium.**

Skr. 06/2012,
ekinn 73 Þ.KM,
dísel,
sjálfskiptur
6 gírar.

**Verð 2.490.000.**

Rnr.101384.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**

Skr. 06/2014,
ekinn 69 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur,
dráttarbeisli.

**Verð 3.350.000.**

Rnr.101936.



**SUZUKI Jimny JLX.**

Skr. 06/2013,
ekinn 71 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.690.000.**

Rnr.101933.



**SUZUKI Jimny JLX.**

Skr. 06/2015,
ekinn 101 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.750.000.**

Rnr.101859.



**SUZUKI Swift GL.**

Skr. 11/2016,
ekinn 10 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.790.000.**

Rnr.101970.



**SUZUKI Swift GL.**

Skr. 02/2016,
ekinn 20 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.690.000.**

Rnr.101978.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL All Grip.**

Skr. 07/2016,
ekinn 48 Þ.KM,
bensín,
sjálfskiptur.

**Verð 3.550.000.**

Rnr.101768.



**SUZUKI Vitara GL+.**

Skr. 04/2016,
ekinn 76 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 2.680.000.**

Rnr.101880.



**SUZUKI Vitara GLX.**

Skr. 04/2016,
ekinn 63 Þ.KM,
dísel,
sjálfskiptur.

**Verð 3.490.000.**

Rnr.101896.



**VW Polo Trendline.**

Skr. 06/2013,
ekinn 73 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.180.000.**

Rnr.101749.



**SUZUKI Baleno GL.**

Skr. 07/2016,
ekinn 33 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.780.000.**

Rnr.101866.



**SUZUKI Alto GL.**

Skr. 12/2014,
ekinn 39 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 1.090.000.**

Rnr.101696.



**HYUNDAI I20 Classic.**

Skr. 06/2011,
ekinn 120 Þ.KM,
bensín,
5 gírar.

**Verð 890.000.**

Rnr.101651.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

**KOSTIR OG GALLAR**

## SKODA KAROQ

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 150 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,2 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 132 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,3 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 195 km/klst.
**Verð frá:** 5.390.000 kr.
**Umboð:** Hekla

**Kostir:**
- Akstureiginleikar
- Flott og sniðug innrétting
- Góðar vélar

**Gallar:**
- Hátt verð á dýrustu útgáfu

# Leysir Yeti af með stæl

Skoda Karoq er arftaki Skoda Yeti. Hér er kominn enn einn gæðabíllinn frá Skoda, með enn snjallari innréttingu en bræður hans. Frábær í akstri, býðst með góðum vélum og ekki skemmir útlitið.

**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is






Fyrir það fyrsta er Karoq snoppufríður jepplingur sem sver sig mjög sterklega hvað útlit varðar í Skoda-ættina.

Ekki er langt um liðið síðan Skoda kynnti fyrsta jeppa sinn, Kodiaq, og hefur hann fengið mjög góðar móttökur og til að mynda selst mjög vel hér á landi á því ríflega hálfa ári sem sem liðið er frá komu hans. Nú er komið að minni bróðurnum, Karoq, sem flokkast sem jepplingur. Skoda Karoq leysir af Skoda Yeti bílinn sem ekki féll öllum í geð sökum óvenjulegs útlits en var og er reyndar mjög góður bíll sem sumir munu sjá nokkuð eftir. Karoq er byggður á sama undirvagni og Seat Atega sem hefur fengið góða dóma alls staðar. Báðir þessir bílar heyra undir stóru Volkswagen-samstæðuna. Þennan undirvagn kalla þeir hjá Volkswagen Group MLB og hann er undir bílum frá Volkswagen Golf til Porsche Macan sportjeppans. Þessi samnýting undirvagns tryggir lægra verð á nýþróuðum bílum og ekkert nema gott um það að segja. Karoq verður í boði hérlendis með 1,0 lítra og 115 hestafla TSI bensínvél, 1,5 lítra og 150 hestafla TSI bensínvél og 2,0 lítra og 150 hestafla TDI dísilvél. Verðið er frá 3.890.000 til 5.990.000 eftir vél- og útbúnaði og er sá ódýrasti með 1,0 lítra TSI bensínvélinni.

## Greinilega Skoda á ferð

Fyrir það fyrsta er Karoq snoppufríður jepplingur sem sver sig mjög sterklega hvað útlit varðar í Skoda-ættina. Bíllinn er við fyrstu sýn einkar líkur stærri bróðurnum og ekki leiðum að líkjast þar. Karoq hefur þó ekki eins fyrirferðarmikla ásýnd og Kodiaq, enda um nokkru minni bíl að ræða. Hann virðist við fyrstu kynni jafn vel smíðaður og aðrir gæðabílar Skoda og hefur sú staðreynd endurspeglast á síðustu árum í góðri sölu Skoda-bíla bæði hérlendis sem erlendis. Þar fara almennt góðir akstursbílar og þessi er engin undantekning frá því og góð fjöðrun bílsins étur upp ójöfnur af bestu lyst.

Vélarnar eru þýðgengar og hljóðlátar þó að dísilvélin hafi hærra en bensínvélarnar. Þyngd dísilvélarinnar bitnar örlítið á eiginleikunum í samanburði við bensínvélarnar en samt eru þeir allir góðir í akstri. Ef til vill er besti kosturinn sá með stærri bensínvélinni en með henni skortir bílinn sjaldan afl og léttleikinn er til staðar. Með minni bensínvélinni mun suma skorta afl, en hún er hagkvæm og mengar ekki nema 118 g/CO2 og eyðir 5,2 lítrum í hundraðið. Reyndar munar ekki svo miklu í uppgefinni eyðslu á öllum vélargerðunum og dísilvélin ekkert eyðslugrennri en bensínvélarnar. Við reynsluaksturinn á Karoq með dísilvélinni sýndi hann oftast 7 komma eitthvað, en hafa skal í huga að á fyrstu kílómetrunum í hverjum akstri er eyðsla mikil með kalda vélina.

## Fjórhjóladrifinn og framhjóladrifinn

Forverinn Yeti var fremur duglegur bíll í torfærum og þessi er enginn eftirbátur en fjórhjóladrif er aðeins í boði í dísilútgáfu bílsins. Margir munu þó vilja spara sér þann aukakostnað sem fjórhjóladrifinu fylgir og velja sér frekar ódýrari framhjóladrifskost, en fórna í leiðinni hluta af torfærugetunni. Mjög margir af jepplingum nútímans eru nú í boði framhjóladrifnir og kaupendur þeirra aðallega að leita að hárri sætisstöðu, góðu útsýni og innstigi fremur en mikilli drifgetu. Bæði Karoq og forverinn Yeti eru með 19 cm undir lægsta punkt og því vel hæfir til erfiðari aksturs.

Það er mjög margt til að hrífast af þegar inn í Karoq er komið og meira að segja í ódýrustu útgáfunni er hann verulega flottur að innan og praktískur sem Skoda er ávallt. Vart er hægt að finna fleiri hólf og geymslustaði fyrir drykkjarföng eða hvers konar dót en í þessum bíl, nema helst í öðrum Skoda. Sniðugheit eins og regnhlíf undir framsætunum koma ekki lengur á óvart í Skoda. Aftursætin eru á brautum ef stækka þarf skottrýmið, sem verður svo mjög stórt ef þau eru felld niður. Þeim má fljótt og auðveldlega kippa úr bílnum ef stórflutningar standa fyrir dyrum. Einnig má geta þess að Hekla pantar flesta Karoq-bíla sína með innfellanlegum krók og kostar hann 160.000 aukalega. Karoq getur dregið aftanívagn allt að tveimur tonnum á þyngd.



Það er mjög margt til að hrífast af þegar inn í Karoq er komið. Vart er hægt að finna fleiri hólf og geymslustaði fyrir drykkjarföng eða hvers konar dót en í þessum bíl.






## Góður akstursbíll

Karoq-bíllinn sem prófaður var stóð á 19 tommu flottum álfelgum og svo stórar felgur koma oft niður á fjöðrun bíla, en því var ekki að heilsa í þessu tilviki. Eftirtektarvert var hve lítill hliðarhalli kom á bílinn í beygjum og hann vildi fara þær flestar á talsverðum hraða, líkt og um fólksbíl væri að ræða. Allar gerðir Karoq koma með 4 akstursstillingum, Normal, Eco, Sport og Offroad ef fjórhjóladrif er til staðar. Allar gerðir hans má líka fá með DSG-sjálfskiptingu, sem í öllum bílum Volkswagen-bílafjölskyldunnar er frábær.

Með Karoq er kominn afar samkeppnishæfur bíll í sístækkandi jepplingaflokkinn og hver sá sem er að hugsa um að fá sér jeppling ætti að skoða hann þennan.




**Eclipse Cross** er nýjasti meðlimurinn í Mitsubishi fjölskyldunni. Hann er hlaðinn staðalbúnaði, með góða veghæð og mikið innanrými. Háþróuð öryggistæknin gerir allan akstur öruggari og eykur sjálfstraustið á vegum úti að nóttu sem degi. Skörp og lifandi hönnun Eclipse Cross vekur eftirtekt hvar sem hann fer. Komdu og festu þér nýjan Eclipse Cross með tveggja ára þjónustuskoðun.*

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Mitsubishi Eclipse Cross**
Verð frá:
**3.990.000 kr.**

Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum Mitsubishi sem pantaðir eru í mars.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# BÍLAR



Snaggaralegur jepplingur frá Lexus.

## Lexus kynnir UX í Genf

Eins og fyrri daginn verður mikið af glænýjum bílum á pöllunum á bílasýningunni í Genf sem er einmitt opnuð í dag. Meðal þeirra verður þessi snaggaralegi jepplingur frá Lexus og hefur fyrirtækið nú þegar birt myndir af bílnum. Hann fellur í ‚Compact Crossover‘-flokk og er byggður á tilraunabílnum UX Concept sem Lexus kynnti á bílasýningunni í París árið 2006. Lexus segir að þessi jepplingur verði með aksturseiginleika líkt og um fólksbíl sé að ræða. Lexus hefur ekki enn látið uppi hvers konar drifrásir verða í boði í bílnum, en ef eitthvað má marka að Lexus hefur sótt um einkaleyfi á heitunum UX 200, UX 250 og UX 250h verða þær að minnsta kosti þrjár og ein þeirra Hybrid. Ekki liggur heldur ljóst fyrir hvenær sala á þessum laglega bíl hefst, né heldur á hvaða verði hann mun bjóðast.

## Nýr sportlegur Auris í Genf

Mikið verður að gerast á sýningarpöllum Toyota á bílasýningunni í Genf, sem nú er að hefjast. Þar verður hin nýja Toyota Supra sýnd, endurskapaður Aygo og gerbreyttur Auris. Þó að erfitt sé að greina heildarútlit nýs Auris á þessari mynd er ljóst að um mun sportlegri bíl er að ræða og er það í takt við nýja bíla Toyota um þessar mundir. Toyota hefur áður lýst því yfir að á teikniborðinu hjá þeim komist aðeins að djarflegir og sportlegir bílar og brátt mun fátt standa eftir af áður ófrumlegum bílum í útliti úr þeirra smiðju. Toyota hefur látið uppi að nýr Auris verður meðal annars í boði með 2,0 lítra fjögurra strokka vél með Hybrid aðstoð og ætti hann því að geta sprett úr spori.



Rolls Royce Cullinan.

## Rolls Royce jeppinn fær nafnið Cullinan

Allir bílaframleiðendur, ekki síst í lúxusbílaflokki, eru nú að koma fram með sinn jeppa og er Rolls Royce engin undantekning þar á. Nýr jeppi Rolls Royce, sem nú er verið að prófa, mun fá nafnið Cullinan. Nafnið er fengið frá stærsta gallalausa demanti sem fundist hefur. Nafnið er engin tilviljun því jeppinn á einmitt að vera eins og Cullinan-demanturinn, eða gallalaus, segja forsvarsmenn Rolls Royce. Náðst hafa myndir af Cullinan-jeppanum í prufunum, en hann er þar fullkomlega hulinn felubúningi, en samt má átta sig á útlínum hans, eins og hér sést. Rolls Royce ætlar að svipta hulunni af Cullinan-jeppanum seint í sumar og afhending á bílnum á að hefjast í byrjun næsta árs. Rolls Royce seldi aðeins 3.362 bíla í fyrra, en með tilkomu Cullinan ætla þeir hjá Rolls Royce að fara yfir 5.000 bíla markið í sölu.

## Færri fegurðardísir á pöllunum

Í gær hófst bílasýningin í Genf, en fyrstu tveir dagarnir eru aðeins opnir fyrir blaða- og umboðsmenn en eftir það fyrir almenning. Margir gestir sýningarinnar munu taka eftir því að mikill hluti sýningarpallanna verður ekki með íðilfögrum fljóðum við hlið bílanna. Það hefur verið mjög umdeilt á síðustu árum að bílaframleiðendur þurfi fegurðardísir til að vekja athygli á bílum sínum á bílasýningum. Þykir mörgum líka skjóta skökku við á tímum #metoo-byltingarinnar. Bílasýningin í Genf er nú opnuð í 88. sinn og var fyrsta sýningin haldin árið 1905.

